



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST – FÉLAGSVÍSINDAÐEILD /
EVRÓPUFRÆÐI
VORÖNN – 2013**

GULLNA TREYJAN

**HVAÐA ÞÆTTIR MÓTA AFSTÖÐU EINSTAKLINGA INNAN ÞINGFLOKKS
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS TIL EVRÓPUSAMBANDSAÐILDAR ?**

LOKARITGERÐ TIL MA-PRÓFS Í EVRÓPUFRÆÐI

NEMANDI: SIGRÍÐUR PÁLA KONRÁÐSDÓTTIR

LEIÐBEINANDI: AUÐUR H. INGÓLFSDÓTTIR

ÚTDRÁTTUR

Þessi ritgerð fjallar um afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar. Tilgangur ritgerðarinnar er að greina hvaða þættir í afstöðu þingmannanna veða þyngst í að móta afstöðu þeirra og hvor kenningin frjálslýnd stofnanahyggja eða mótunarhyggja endurspeglir frekar afstöðu þeirra. Einnig eru skoðaðar kenningarnar sambandsríkjahyggja og milliríkjahyggja. Þessar kenningar eru nefndar vegna þess að þróun Evrópusambandsins hefur verið greind með tilliti til þessara tveggja kenninga.

Aðferðarfræðin sem beitt er í þessari ritgerð er eigindleg. Tekin voru sjö viðtöl við þingmenn Sjálfstæðisflokksins sumarið 2012 og umræður á Alþingi greindar þegar tillaga var lögð fram af ríkisstjórninni um að gengið skyldi til aðildarviðræðna við Evrópusambandið á sumarþingi 2009. Þau þemu sem voru mest áberandi í þingumræðum og viðtölum voru fullveldi, sjávarútvegur, landbúnaður, gjaldmiðill, þróun Evrópusambandsins og örlög aðildarviðræðna. Kenningin um mótunarhyggju hentar best til að lýsa afstöðu þingmanna um hvernig Ísland eigi að nálgast Evrópusamrunann og sá þáttur sem vegur þyngst í gögnunum er að vernda fullveldi Íslands og halda því óskertu.

ÞAKKIR

Ég vil þakka viðmælendum mínum innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins fyrir að veita mér greinargóð viðtöl og taka tíma til að svara spurningum mínum. Þeir brugðust allir vel við beiðni minni um viðtal og í samstarfi við þá var auðvelt að finna stað og tíma fyrir viðtal. Ég vil þakka Eiríki Bergmann sem var leiðbeinandi minn til að byrja með og hjálpaði mér að afmarka efni ritgerðarinnar. Bestu þakkir færi ég síðan leiðbeinenda mínum Auði H. Ingólfssdóttur sem tók við og fylgdi mér til loka ritgerðarinnar. Ómetanleg aðstoð. Ég vil þakka sambýlismanni mínum Agnari Jónssyni fyrir hvatningu og stuðning á meðan vinnslu ritgerðar stóð. Hann var alltaf tilbúinn að ræða Evrópumál og ritgerðina á hinum ýmsu vinnslustigum. Ég vil einnig þakka Hlín Hjartar Magnúsdóttur fyrir yfirllestur á ritgerðinni með tilliti til málfars. Að lokum vil ég þakka Þuríði Hörpu Sigurðardóttur fyrir útprentun og innbindingu á ritgerðinni.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	3
ÞAKKIR.....	4
1. INNGANGUR	7
1.1. LÝSING Á VIÐFANGSEFNI	7
1.2. RANNSÓKNARSPURNINGAR OG RANNSÓKNARMARKMIÐ.....	8
1.3. KYNNING Á AÐFERÐARFRÆÐI RANNSÓKNAR	8
1.4. FRÆÐILEG NÁLGUN, HELSTU KENNINGAR	10
1.5. RÖKSTUÐNINGAR FYRIR VALI Á VIÐFANGSEFNI	11
1.6. UPPBYGGING RITGERÐAR	11
2. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR.....	12
2.1. HELSTU HUGTÖK OG KENNINGAR	12
2.1.1.FRJÁLSLYND STOFNANAHYGGJA.....	12
2.1.2 MÓTUNARHYGGJA.....	13
2.1.3 SAMBANDSRÍKJAHYGGJA.....	14
2.1.4. MILLIRÍKJAHYGGJA.....	14
2.2. FYRRI RANNSÓKNIR	15
2.3. SÖGULEG ÞRÓUN.....	18
2.4. SÖGULEG ÞRÓUN Á ÍSLANDI.....	24
3. AÐFERÐARFRÆÐI RANNSÓKNARA	25
3.1 HÖNNUN Á RANNSÓKN.....	25
3.2. VIÐMÆLENDUR Í RANNSÓKN.....	26
3.3. LÝSING Á RANNSÓKNARAÐFERÐ/UM, KOSTIR OG GALLAR	27
3.4. AÐGENGI AÐ GÖGNUM.....	27
3.5. GREINING GAGNA.....	27
3.6. RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKI RANNSÓKNAR	28
3.7. STAÐA RANNSAKANDA INNAN RANNSÓKNAR	28
4. NIÐURSTÖÐUR	29
4.1. FULLVELDI.....	29
4.1.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	29
4.1.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn	30
4.2. SJÁVARÚTVEGUR.....	33
4.2.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	34
4.2.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn	34
4.3. LANDBÚNAÐUR	37
4.3.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	37
4.3.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn	38

4.4.	GJALDMÍÐILL	41
4.4.1.	Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	41
4.4.2.	Ummæli í viðtölum við þingmenn	42
4.5.	ÞRÓUN EVRÓPUSAMBANDSINS	50
4.5.1.	Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	50
4.5.2.	Ummæli í viðtölum við þingmenn	50
4.6.	AÐILDARVIÐRÆÐURNAR	55
4.6.1.	Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu	55
4.6.2.	Ummæli í viðtölum við þingmenn	56
5.	UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR	60
5.1	FULLVELDI	60
5.2.	SJÁVARÚTVEGUR	64
5.3	LANDBÚNAÐUR	69
5.4	GJALDMÍÐILL	69
5.5	ÞRÓUN EVRÓPUSAMBANDSINS	71
5.6	AÐILDARVIÐRÆÐUR	73
5.7.	LOKAORÐ	75
6.	HEIMILDASKRÁ	78
7.	VIÐAUKAR	81
7.1.	LISTI YFIR ÞÁTTAKENDUR	81
7.2.	TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM AÐILDARUMSÓKN AÐ EVRÓPUSAMBANDINU	82
7.3.	SPURNINGALISTI	84

1. INNGANGUR

1.1. LÝSING Á VIÐFANGSEFNI

Rannsókn mín fjallar um það hvað mótur afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til aðildar að Evrópusambandinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í lykilhlutverki í því alþjóðasamstarfi sem Ísland tekur þátt í. Flokkurinn barðist fyrir aðildinni að NATO og EFTA og studdi við gerð EES-samningsins. (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 269). Ísland er aðili að umfangsmiklu Evrópsku samstarfi í gegnum aðild sína að EES og tekur upp um 80% af gerðum Evrópusambandsins í gegnum þann samning í tilteknum málaflokkum. Ísland er samstarfsaðili á vettvangi rannsóknaráætlunar Evrópusambandsins og tekur þátt í margvíslegum verkefnum með öðrum Evrópuþjóðum. Ísland er aðili að Schengen samstarfi innan Evrópusambandsins.

Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu árið 2009. Atkvæðagreiðslan um tillöguna var áhugaverð vegna þess að þingmenn kusu þvert á þingflokkslínur. Einn Sjálfstæðismaður kaus með tillögunni og einn sat hjá; hinir kusu allir gegn tillögunni. Mér leikur forvitni á að vita hvað það er sem mótur afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til aðildar að Evrópusambandinu. Þessi afstaða er einkar áhugaverð vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið einn stærsti flokkurinn á þingi um áratuga skeið, oftast verið í stjórn en stjórnarandstöðu, og þrátt fyrir slakt gengi flokksins í síðustu kosningum virðist fylgi flokksins aftur vera að aukast og Sjálfstæðisflokkurinn á góðri leið með að ná fyrri styrk. Almennt skiptir afstaða flokksins miklu máli því hann er ráðandi afl í íslenskum stjórnmálum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur oftast verið stærsti flokkurinn á þingi, en kjörtímabilið 2009-2013 er hann með 16 þingmenn á móti 20 þingmönnum Samfylkingar. Ingebritsen segir að:“ ... einn stór flokkur hafi komið í veg fyrir aðild síns lands, Sjálfstæðisflokkurinn á Íslandi sem studdi EES-aðild en stóð gegn ESB-aðild.“ (Ingebritsen, 1998, bls.115). Örlög aðildarviðræðna verða því að öllum líkindum að stórum hluta í þeirra höndum því að ólíklegt er að aðildarviðræðum verði lokið fyrir næstu kosningar 2013. Til að fá greinargóðar upplýsingar um þá þætti sem móta afstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins tók ég viðtöl við sjö af þingmönnum hans. Jafnframt greindi ég umræður á Alþingi þegar tillaga um að sækja

um aðild var lögð fram í júlí 2009. Með rannsókninni mun ég leitast við að varpa ljósi á hvaða þættir það eru sem móta afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar. Það geta verið ólíkir þættir sem ráða afstöðu eftir því hvar í þingflokki menn standa, hvort þeir eru Vinstri grænir, Framsóknarmenn eða tilheyra Samfylkingunni. Ég dreg fram afstöðu Sjálfstæðismanna. Þessi rannsókn er mjög mikilvæg fyrir alla þá sem hafa áhuga á að skyggjast inn í það hvernig aðildarviðræðum mun reiða af eftir næstu kosningar og á komandi árum eftir kosningarnar. Ef Sjálfstæðismenn komast til valda þurfa þeir að taka afstöðu til hvort þeir hyggist halda áfram aðildarviðræðum eða hvort þeir muni leggja aðildarviðræðurnar til hliðar. Í þeirri umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu um þessar mundir hvort eigi að klára umsóknarferlið um aðild að Evrópusambandinu hefur rannsókn sem þessi því hagnýtt gildi og getur verið gagnlegt innlegg í umræðuna sem fram fer um Evrópumál.

1.2. RANNSÓKNARSPURNINGAR OG RANNSÓKNARMARKMIÐ

Rannsóknarspurning mín er: Hvaða þættir eru ráðandi í afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar? Í undirþáttum kemur fram nánari greining á því hvaða þættir það eru sem hafa aðallega áhrif á afstöðu þingmannanna sem ég tók viðtal við. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvað helst ræður afstöðu þingmannanna en þeir eru ekki allir sammála, og þannig reyna að fá innsýn í það hvaða örlög gætu beðið aðildarviðræðna ef Sjálfstæðisflokkurinn verður í stjórn á næsta kjörtímabili.

1.3. KYNNING Á AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNAR

Rannsóknaraðferðir sem ég beitti í þessari rannsókn eru eigindlegar.

Bilken et al lýsa framkvæmd á eigindlegri rannsókn með eftirfarandi hætti:

„Rannsakendur í eigindlegri rannsókn framkvæma eins og þeir viti mjög lítið um fólkið og staðina sem þeir munu heimsækja. Þeir leitast við að losa sig frá fyrirframgefnum hugmyndum um það hvað þeir muni finna, hvernig fólkið verði og hvað muni gerast undir ákveðnum kringumstæðum. Eins, þrátt fyrir að rannsakendur

geti haft ákveðna hugmynd um hvernig þeir muni bera sig að og hvað þeir hafa áuga á þá væri það óskynsamlegt að greina frá því hvernig nákvæmlega rannsóknin muni fara fram og hvaða spurningum nákvæmlega mun verða leitast við að svara. Áætlanir þróast með aukinni þekkingu á aðstæðum, viðfangsefnum og öðrum uppsprettum upplýsinga við beina skoðun. Nákvæm lýsing á aðferðum er best gefin eftir, frásögn af því sem nákvæmlega gerðist, skrifað eftir að rannsókn er lokið. Rannsóknin sjálf mótar rannsóknarvinnuna, ekki fyrirfram gefnar hugmyndir eða nákvæm útfærsla rannsóknar.“¹ (Bilken og Bogdan, 1998, bls. 49)

Ég notaði tilviksathugun og í mínu tilfalli notaði ég þingflokk Sjálfstæðisflokksins sem tilvik þar sem ég athugaði sérstaklega í viðtölum og umræðum á Alþingi hvaða þættir ráða afstöðu einstaklinga innan þingflokksins varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu.

„Tilvik má skilgreina sem fyrirbæri af einhverju tagi sem á sér stoð í víðara samhengi – sem sagt eining sem tekin er til greiningar. Venjulega er viðfangsefnið afmarkað og innifelur á einhvern hátt skilgreint félagslegt eða líkamlegt viðmið. Viðfang og mörk má skilgreina sem félagslega stærð (einstaklingur, hlutverk, lítill hópur, samtök, samfélag, þjóð), með tiltekinni staðsetningu eða tímabundið (röð atburða, atburður, dagur). Tilvik geta innihaldið smærri viðburði (Yin, 1984). Eins og á við um aðra vitræna þætti þess hvernig rannsókn er framkvæmd er skilgreiningin á „tilviki“ mjög vel röklega studd, valin úr upplýsingum, hvort sem um er að ræða eitt eða fleiri tilvik.“² (Denzin og Lincon, 1998, bls. 204)

Gögnin sem ég safnaði í þessari eigindlegu rannsókn eru tvö konar. Í fyrsta lagi las ég og greindi umræður á Alþingi sumarið 2009 þegar þingsályktunartillaga um að fara í aðildarviðræður að Evrópusambandinu var lögð fram af ríkisstjórninni. Greiningin beindist sérstaklega að því hvernig fulltrúar Sjálfstæðisflokksins útskýrðu afstöðu sína. Í öðru lagi tók ég sjö hljóðrituð viðtöl við þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Greining á gögnunum er mikilvægur hluti af rannsókninni. Greining gagna er einnig eigindleg rannsóknarvinna. Ég byrja á þemagreiningu og skoða hvaða lykilþemu eru mest áberandi

¹ Höfundur þýddi úr ensku

² Höfundur þýddi úr ensku

þegar kemur að því að skoða hvaða þættir ráða helst afstöðu. Við val á gögnum greindi ég gæði þeirra og hafði þá í huga: „Sannleiksgildi: Eru gögnin ekta og af óhrekjanlegum uppruna? Trúverðugleika: Eru gögnin laus við villur og rangfærslur? Hvað gögnin standa fyrir: Eru gögnin dæmigerð fyrir það sem þau standa fyrir og, ef ekki, eru frávik kunn? Merking: Eru gögnin skýr og skiljanleg?“ (Uwe, 2009, bls. 257). Ég greindi tillögu sem ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna lagði fram í júlí 2009 og umræður Sjálfstæðismanna sem spruttu upp á Alþingi þegar tillagan var lögð fram og sett í atkvæðagreiðslu. Þetta eru opinber gögn og skráð upp úr umræðum á þingi og uppfylla því þau skilyrði sem sett eru hér að ofan.

Til að fá dýpri innsýn inn í það hvaða þættir móta afstöðu þingmannanna tók ég einnig viðtöl við valda þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Aðferðin sem að ég notaði við að velja mér viðmælendur er markvisst úrtak. Ég skoðaði hvernig atkvæði voru greidd um tillögu um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Einn sjálfstæðismaður sagði já og valdi ég hana sem viðmælanda. Einn viðmælandi sat hjá og greiddi ekki atkvæði og valdi ég hana sem viðmælanda. Svo valdi ég formann, varaformann og annan varaformann sem viðmælanda, þau greiddu öll atkvæði gegn því að lagt yrði upp í aðildarviðræður. Einn viðmælandi valdi ég sem var andsnúinn aðild og tjáði sig mikið við atkvæðagreiðsluna. Að lokum valdi ég einn til sem greiddi atkvæði gegn aðildarviðræðum og hefur sérstaka þekkingu og áhuga á Evrópumálum. Með þessu vali vonast ég til að ná þeirri breidd sem er að finna innan þingflokksins varðandi aðildarviðræðurnar.

Ritgerðin byggir á greiningu á umræðum á Alþingi og greiningu á viðtölum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

1.4. FRÆÐILEG NÁLGUN, HELSTU KENNINGAR

Tvær kenningar verða hafðar til hliðsjónar til að skýra hvaða þættir skipta mestu máli varðandi afstöðu ríkja til milliríkjasamstarfs. Annars vegar verður fjallað um frjálslynda stofnanahyggju (e. liberal institutionalism) og hins vegar félagslega mótunarhyggju (e. social constructivism). Þessar tvær kenningar hafa ólíka nálgun á því hvaða þættir skýri best hegðun ríkja í alþjóðasamvinnu. Í kenningarkafli verður einnig rætt um tvær ólíkar tegundir á samstarfi milli ríkja, milliríkjahyggju (e. intergovernmentalism) og sambandsríkjahyggju (e.

federalism), en þessar tvær tegundir ríkjasamstarfs hafa verið notaðar til að skýra þróun í Evrópu. Nánar verður fjallað um þessar hugmyndir í kafla tvö í í ritgerðinni. Í viðtölum mínum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins kom í ljós að spurningin um í hvaða átt Evrópusambandið var að þróast var þeim sérstaklega hugleikinn og hafði mikil áhrif á afstöðu þeirra.

1.5. RÖKSTUÐNINGUR FYRIR VALI Á VIÐFANGSEFNI

Ísland er í nánum tengslum við Evrópusambandið í gegnum EES samninginn og þar eru okkar mikilvægustu markaðir fyrir útflutningsafurðir okkar. Það skiptir miklu máli á komandi árum hvernig okkar samskipti við Evrópusambandið þróast og þar á stærsti flokkur á þingi verulegan hlut að máli. Það er því áhugavert að skoða hvaða þættir móta afstöðu einstakra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega í ljósi þess að skoðanir um þetta málefni hafa verið skiptar innan flokksins og ekki allir sammála. Afstaða einstakra þingmanna er það sem mótar á endanum stefnu stjórnmalaflokks, og hefur síðan áhrif á þá afstöðu sem Alþingi í heild tekur þegar kemur að samskiptum við önnur ríki.

1.6. UPPBYGGING RITGERÐAR

Ritgerðin byggist í aðalatriðum upp á þennan hátt. Fyrst er innangur, síðan er fjallað um fræðilegan bakgrunn. Þá er fjallað um aðferðarfræði rannsóknar, svo kemur að niðurstöðum úr bæði umræðum á þingi og viðtölum og loks er komið að umræðum og ályktunum.

2. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

2.1. HELSTU HUGTÖK OG KENNINGAR

Í þessum kafla verður fjallað um þann fræðilega bakgrunn sem stuðst er við í ritgerðinni. Annars vegar er fjallað um tvær kenningar innan alþjóðastjórn mála sem hafa ólíkar skýringar á því hvaða þættir ráði mestu um hvernig einstök ríki hegði sér á alþjóðavettvangi. Hins vegar er rætt um muninn á sambandsríkjahyggju og milliríkjahyggju, en þessar hugmyndir eru gagnlegar til að skýra þróun Evrópusambandsins.

2.1.1. FRJÁLSLYND STOFNANAHYGGJA

Frjálslyndisstefna er heiti á ýmsum stjórnmalakenningum og hugmyndum um stjórnarfar sem líta á frelsi einstaklingsins sem mikilvægt markmið út frá hugmyndum um réttindi einstaklinga. Í gegnum söguna hafa stjórnmalamenn og stjórnmalaflokkar sem kenna sig við frjálslyndisstefnuna lagt áherslu á athafnafrelsi (þar með talið frelsi frá afskiptum ríkisvalds), tjáningarfrelsi, trúfrelsi og afnám klerkaveldis, afnám sérréttinda yfirstéttarinnar og hugmyndina um réttarríki þar sem allir eru jafnir fyrir lögum. Þó er mjög mismunandi hver þessara atriða hafa verið sett á oddin eftir því hvaða land, tímabil eða stjórnmalahreyfingar eru skoðaðar.

Frjálslyndisstefnan var afar víðfemt hugmyndaferfi. Helsti hugmyndafræðingur hennar var John Locke með kenningu sína um náttúruleg réttindi einstaklingsins og það sjónarmið að uppspretta valdsins lægi hjá þegnum. Hann taldi einnig að í gildi væri samfélagssáttmáli milli þegna og þjóðhöfðingja, sem tryggði kjörnum fulltrúum þjóðarinnar rétt til að hafa áhrif á landsstjórnina. Ólíkt íhaldsmönnum höfðu frjálslyndir skýra stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Helsti hugmyndafræðingur þeirra í þeim efnum var Adam Smith (1729-1790)

Þeir sem aðhyllast frjálslyndisstefnuna, og ekki síst frjálslynda stofnanahyggju (e. liberal institutionalism), telja að hvati ríkja til að eiga í samstarfi sé gagnkvæmur ávinningur. (Mohammed Nuruzzaman, 2008) Það skiptir ekki máli þótt eitt ríki hafi hlutfallslega meiri ávinning en hitt ríkið, svo framarlega sem bæði ríkin hafi einhvern ábata.

Frjálslynd stofnanahyggja er skynsemishyggja (e. rational theory), sem gerir ráð fyrir að hægt sé að skýra hagsmuni ríkja út frá tilteknum mælikvörðum, og horfa þeir ekki síst til efnahagslegra hagsmuna í þessu samhengi. Ef hagsmunir breytast frá einum til þess næsta, þá er það væntanlega vegna þess að eitthvað efnislegt hefur breyst, t.d. aðgengi að auðlindum. Þessi stefna gefur sér að hagsmunir ríkja séu nokkuð þekktir og fyrirfram gefnir.

2.1.2 MÓTUNARHYGGJA

Grunnkenningar í mótunarhyggju (e. constructivism) eru þessar. Fylgjendur mótunarhyggju eru meðvitaðir um mannlega meðvitund, meðhöndla hugmyndir sem byggingareiningar, líta á samspil milli hugmynda og efnisþátta sem afleiðingar af því hvernig þáttakendur túlka efnislegan veruleika sinn og hafa áhuga á hvernig þáttakendur móta samfélagsgerðir og hvernig samfélagsgerðir móta þáttakendur. Þekking mótar hvernig þáttakendur túlka og mynda samfélagslegan veruleika sinn. Hið venjubundna form mótar sjálfsmynd og áhugasvið þáttakenda í svona ríkjum. Þótt að merkingin sem þáttakendur láta fylgja í framkvæmdir sínar mótist af undirliggjandi menningu, er merkingin ekki föst og það að festa merkingu í sessi er þungamiðja stjórn mála. Samfélagslegar reglur eru mótandi, móta fyrirliggjandi hegðun og eru grundvallarþáttur, gera mögulegt og skilgreinir einmitt þetta athæfi. Félagsleg mótun afmótar það sem er tekið sem sjálfsagður hlutur, spyr spurninga um uppruna þess sem er viðtekið norm og íhugar mismunandi leiðir sem gætu haft og geta mótað aðra heimsýn. Vald er ekki aðeins geta eins aðila til að fá annan aðila til að gera eitthvað sem þeir myndu alla jafnan ekki gera, heldur líka vald til að móta sjálfsmynd, áhugamál og skoðanir sem takmarka vald þáttakanda til að stjórna örlögum sínum. (Baylis, Smith og Owens, 2009, bls, 159)

Mótunarhyggjan dregur fram að aukin tengsl ríkja og aukin dýpt þess sem gjarnan er kallað alþjóðasamfélagið hafi haft áhrif á sjálfsmyndir og hagsmuni ríkja (Barnett, 2008). Með því að skoða utanríkisstefnu út frá mótunarhyggju er dregið fram hvernig umræða mótar og hefur áhrif á hinn félagslega raunveruleika ríkja. Einnig hvetur mótunarhyggjan til þess að bakgrunnsskilyrði séu könnuð þannig að hægt sé að sjá hvernig breytingar eiga sér stað (Checkel, 2008) Helstu einkenni mótunarhyggjunnar er að hún leggur meðal annar áherslu á umræðu, gildi og viðmið, sannfæringu, sjálfsmyndir og félagsmótun. Í þessu er kenningin verulega frábrugðin frjálslyndu stofnanahyggjunni þar sem aðaláherslan er á efnahagslega hagsmuni. Aðalmunurinn felst í því að mótunarhyggjan telur ekki að hagsmunir séu ekki endilega eitthvað fast í hendi, heldur geti orðræða (e. discourse) og nýjar hugmyndir haft áhrif

á ríkjandi gildi og um leið endurmótað sjálfsmynd hópa og jafnvel þjóða. Breytt sjálfsmynd getur síðan haft áhrif á hvernig ríki meta hagsmuni sína.

2.1.3 SAMBANDSRÍKJAHYGGJA

„Sambandsríkjahyggja felur í sér að fullveldinu er skipt á milli sjálfstæðs ríkis (smærri einingarinnar) og sambandsins“ samkvæmt Hauge. (Hauge, 2004, bls. 229) Best þekkta dæmið um þróun sambandsríkis eru Bandaríkin og vísuðu viðmælendur mínir til þess í viðtölunum sem dæmi um sambandsríkjahyggju. Bandaríkin eru samt langt frá því að vera einsleit, ríkin eru mjög ólík, eða eins og Swarts og Peck lýsa því: „Ef Bandaríkin eru svo ólík, hvað veldur því að þau eru ekki of ólík. Því veldur samkeppni um störf og efnahagsleg þróun, þeir þættir eru svo mikilvægir að ríkin þróast aldrei í of ólíkar áttir til að eiga samleið.“ (Swarts og Peck, 1990, bls. 29). Sambandsríkjahyggja er aðferð til að mynda pólitíska einingu meðal einstakra ríkja sem gefur aukna og meiri möguleika umfram það að standa ein áfram. Barnes greinir kenninguna svona: „Þungamiðja kenningarinnar er aðferðin við að deila völdum ríkisstjórnarinnar, þannig að verkefnin sem ríkisstjórnin og sambandsríkið hafa með höndum séu samþætt en samt sjálfstæð. Vald ríkisstjórna er þannig skipulagt að því sé deilt með stjórn sambandsríkisins. Sambandsríki kallar á stjórnarskrá og er órjúfanlegur hluti samþættingar ríkjanna.“ (Barnes, 1995, bls. 4-5) Evrópusambandið hefur verið að reyna að koma á stjórnarskrá en þegar hinna ýmsu landa hafa verið tregir í taumi til að samþykkja það. Þeir vilja ekki að framlagið heiti stjórnarskrá, finnst það fara gegn stjórnarskrám þeirra eigin þjóðríkja og vilja ekki samþykkja slíkt.

2.1.4. MILLIRÍKJAHYGGJA

Fullveldi ríkja er þungamiðjan þegar samruni ríkja er skoðaður út frá milliríkjahyggju. Ríki gæta fullveldis síns, landsvæðis og hagsmuna á alþjóðavettvangi sjálf. Ríki og hagsmunir þeirra eru helstu gerendur í alþjóðakerfinu og er það algerlega í þeirra höndum hvort af pólitískri samþættingu verður (Nugent, 2003). Barnes greinir þetta frekar: „Hópar ríkja samþykkja samvinnu í ýmsum tilgangi, en án þess að tapa sjálfstæði sínu og forræði í stefnumálum. Skilin sem venjulega eru sett á milli Evrópusambandsins og annara alþjóðlegra milliríkjasambanda eru byggð á því stigi samþættingar sem hefur verið náð.“ (Barnes, 1995, bls. 6). Margar stofnanir Evrópusambandsins eru á forræði sambandsins sjálfs og geta ríkin

ekki haft þar áhrif. Eiríkur Bergmann lýsir áhrifum pólitískrar samþættingar í Evrópusambandinu:

„Pólitísk samþætting gerist samkvæmt milliríkjahyggjunni fyrst og fremst vegna beinna hagsmuna og ríki taka ákvarðanir um slíkt með meðvitum hætti. Þeir segja Evrópusambandið því vera flókið kerfi samstarfs þar sem fullvalda ríki ráði ferðinni og takist á við sameiginleg viðfangsefni á þeim sviðum þar sem hagsmunir þeirra fara saman. Milliríkjahyggjan strandar hins vegar á því....að samkvæmt henni er óhugsandi að fullvalda ríki framselji sjálfviljugt hluta af ákvarðanavaldi sínu til sameiginlegra og yfirþjóðlegra stofnana líkt og gerst hefur innan ESB - sérstaklega eftir að samrunaþróun tók aftur kipp upp úr miðjum níunda áratugnum.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 39)

Þess vegna er Evrópusambandið ekki lengur gott dæmi um samstarf sem þróað er á milliríkjagrunni. Engu að síður eru deildar meiningar um í hvaða átt skuli stefna og virðast Bretar ætla að taka forystu um að halda sig við milliríkjahyggju í samskiptum sínum við Evrópusambandið. Það má jafnvel sjá fram á klofning í Evrópusambandinu.

2.2. FYRRI RANNSÓKNIR

Ekki hefur áður verið gerð eigindleg rannsókn á afstöðu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar. Margir fræðimenn hafa þó glímt við að útskýra hvaða þættir ráða helst afstöðu ríkja gagnvart aðild að Evrópusambandinu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum sem beinast sérstaklega að því að skoða afstöðu stjórnámálamanna í mismunandi ríkjum til Evrópusambandsins. Umfjöllunin er ekki tæmandi, en gefur innsýn í þá þekkingu sem þegar er til á þessu sviði.

Nefna má grein sem Gamze Tanil skrifar um afstöðu stjórnámálamanna í Noregi til Evrópusambandsins (Gamze Tanil, 2011). Í grein sinni kemst Tanil að því að Íhaldsflokkurinn (e. Conservatives) var fylgjandi aðild 1972 og 1994 og hafa það áfram á stefnuskrá sinni að sækja um aðild. Verkamannaflokkurinn (e. Labour Party) fer varlegar í afstöðu sinni. Þeir lögðu til aðildarviðræður 1972 og 1994 og voru þær tillögur felldar í bæði skiptin. En þeir eru áfram áhugasamir um aðild, fara bara varlegar í að móta afstöðu sína. Þeir flokkar sem eru andsnúnir eru Bændaflokkurinn (e. Agrarian) og Vinstri sósíalistar (e. Left Socialists), þeir hafa

verið andsnúnir aðild allt frá upphafi. Kristnir Demókratar (e. Christian Democrats) voru fylgjandi 1972, andsnúnir 1994 en eru nú fylgjandi umsókn um aðild. Frjálslyndi flokkurinn (e. Liberal Party) var fylgjandi umsókn 1972, andsnúin umsókn 1994 og eru nú að fíuga umsókn um aðild að vissum skilyrðum uppfylltum. Þegar litið er á heildina yfir flokka er meirihluti fyrir nýrri aðildarumsókn meðal stjórnámálanna í Noregi og má rekja það til breytinga á efnahag þjóðarinnar (minni áhersla á landbúnað og sjávarútveg) og breytinga á alþjóðavettvangi sem knýja á um meira samstarf þjóða á milli. Ekki er fjallað um það í greininni hvað skýrir afstöðu flokkanna hvers fyrir sig.

Karvel Pálmason gerir Noreg og ESB að umfjöllunarefni í verkefni sínu í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Hann fjallar um Noreg og hvernig umræðan um Evrópusambandið hefur verið innan lands og hvernig kosningar hafa farið.

„Niðurstöðurnar eru að Norðmenn einblína mest á hina þjóðernislegu þætti, þ.e. að vernda fullveldið, almenning, tungumálið, gjaldmiðilinn og auðlindirnar. Engin má seilast í þeirra vasa.“ (Karvel Pálmason, 2009, bls.1)

Í rannsókn hans koma fram þemu sameiginleg mínun, þ.e. fullveldið, gjaldmiðilinn og auðlindirnar. Nánar verður fjallað um það í kafla 5.

Jóhanna Jónsdóttir fjallar í grein sinni um áhrif aðildar að Evrópusambandinu á fullveldi Íslands. Oft er því haldið fram að Ísland hafi tapað verulegum hluta af fullveldi sínu við aðildina að EES-samningnum. Í grein sinni fjallar Jóhanna um hverjar rauverulegar breytingar yrðu á fullveldi Íslands við inngöngu í ESB og tilgátan er sú að við aðild aukist möguleiki Íslands til að hafa áhrif á stefnumörkun ESB.

„Niðurstaða greinarinnar er hins vegar sú að þótt tiltölulega miklar formlegar breytingar yrðu á stöðu Íslands yrðu raunverulegar breytingar mun minni, bæði hvað varðar áhrif Íslands á stefnumótun ESB og getu alþjóðastofnana til að tryggja innleiðingu og framkvæmd Evrópulöggjafar á Íslandi“ (Jóhanna Jónsdóttir, 2009, bls.1)

Þessi niðurstaða er í takt við efasemdir viðmælenda minna um að örfáir íslenskir þingmenn gætu haft áhrif í 800 þingmanna hópi ESB.

Nick Sitter (2001) fjallar um andstöðu skandinavískra stjórnámálanna við Evrópusambandsaðild í grein sinni „The Politics of Opposition and European Intergration in Scandinavia: Is Euro-Sceptism a Government-Opposition Dynamic?“ Hann kemst að þeirri niðurstöðu að andstaðan við Evrópusambandsaðild hvort sem er í miðju flokkakerfanna eða á jöðrunum sé andstaðan afurð samkeppni milli flokkanna og uppruninn og þróunin séu hvoru tveggja afurð pólitískrar andstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn studdi inngöngu í EFTA og EES og hefur því ekki alltaf verið andsnúin nánara samstarfi við Evrópusambandið, en er nú í þessari rannsókn andsnúin aðild að Evrópusambandinu.

Robert Geyer og Duane Swank rannsaka í grein sinni gögn frá 209 norskum sósíal demókrötum sem eru á móti ESB. Greinin heitir „Rejecting the European Union. Norwegian Social Democratic Opposition to the EU in the 1990s“. Helstu rök þeirra fyrir andstöðu eru að aðild sé ógn við lýðræði og fullveldi. Einnig finnst þeim nýfrjálshyggja Evrópusambandsins óviðunandi. Rannsókn þessi er nokkuð gömul en gerð við svipaðar kringumstæður og mín rannsókn, Noregur sótti um aðild 1994 en þessi rannsókn var gerð 1997, Í millitíðinni felldi Noregur aðildarumsóknina. Ísland sótti um aðild 2009 en mín rannsókn var gerð 2012. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins nefna bæði lýðræði og fullveldi í andstöðu sinni við Evrópusambandsaðild.

Eiríkur Bergmann hefur verið afkastamikill á Íslandi við skrif um Evrópusambandið. Nýlega var birt doktorsrannsókn hans, Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar, þar sem gerð er eigindleg rannsókn á breytunni fullveldi í samskiptum Íslands við Evrópusambandið.

„Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að arfleið sjálfstæðisbaráttunnar hafi haft mótandi áhrif á orðræðu íslenskra stjórnámálanna í Evrópumálum. Sérstök áhersla á fullveldi þjóðarinnar hefur frá því á 19. öld verið einn helsti grundvöllur íslenskra stjórnamála. Af þeim sökum fellur þáttaka í yfirþjóðlegum stofnunum Evrópusambandsins illa að ríkjandi orðræðu þar sem megináherslan er lögð á vernd fullveldisins og eilífa sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls.1).

Eiríkur spannar mun víðara svið í rannsókn sinni en gert er í ritgerð minni. Hann tekur fyrir alla stjórnmalaflokkana og greinir umræður í aðdraganda EFTA aðildar (1970), í aðdraganda EES aðildar (1994) og síðan þegar rætt var um hugsanlega aðild að ESB (2000 til 2003). Ég tek aðeins fyrir Sjálfstæðisflokkinn og greini umræður þegar aðildarumsókn er lögð fram (2009) og síðan eru viðtöl tekin sumarið 2012. Niðurstöður hans eru þó engu að síður áhugaverðar fyrir þessa rannsókn og verður fjallað um það nánar í kafla 5.

2.3. SÖGULEG ÞRÓUN

Eins og fram hefur komið eru kenningar um sambandsríkjahyggju og milliríkjahyggju gagnlegar til að skýra þróun Evrópusambandsins. Ég mun hér gera grein fyrir hvor kenningin skýrir betur þróun Evrópusambandsins. Ég fer inn á þetta efni hér vegna þess að þróun Evrópusambandsins var mikilvægur þáttur í mótun viðhorfa viðmælenda minna til Evrópusambandsins, eins og ég mun rekja í niðurstöðum.

Kenningin um sambandsríkjahyggju skýrir betur þróun Evrópusambandsins að mínu mati. Þróun Evrópusambandsins hefur markast af báðum kenningum í misríku mæli þó. Kenningin um milliríkjahyggju strandar hins vegar á að „Samkvæmt henni er óhugsandi að fullvalda ríki framselji sjálfviljugt hluta af ákvörðunarvaldi sínu til sameiginlegra og yfirþjóðlegra stofnana líkt og hefur gerst innan ESB.“ (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 30).

Samkvæmt sambandsríkjahyggju „eru þjóðríkin ekki endilega talin helsti handhafi ríkisvalds því þau ná ekki yfir öll viðfangsefni þjóðfélagsins. Sambandsríkjasinnar telja því nauðsynlegt að koma á sambandsríki Evrópu sem hafi yfirþjóðlegt vald.“ (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 29). Evrópusambandið er samsafn yfirþjóðlegra stofnana með yfirþjóðlegt vald. Sambandsríkjasinnar eru því búnir að ná fram makrmiðum sínum í nokkrum atrennum og nú er til sambandsríki Evrópu með yfirþjóðlegt vald. Höfuðsmiður Evrópusambandsins Jean Monnet virstist hafa verið sannfærður um að samstarf Evrópuþjóða „ætti ekki mikla möguleika nema ríkin rynnu saman í Bandaríki Evrópu.“ (Tómas Ingi Olrich, 2011, bls. 15). Lög Evrópusambandsins ganga framar landslögum viðkomandi ríkja. Sívaxandi þörf er fyrir margvíslegt samstarf á sambandsríkjagrunni því efnahagssumhverfi verður sífellt flóknara og alþjóðaviðskipti eru sífellt að aukast og eflast. Þeim sviðum sem samstarf er á er líka að

fjölga, það eru ekki bara efnahagslegir hagsmunir sem samið er um. Þetta sífellt nánara samstarf hefur orðið til þess að þjappa Evrópuþjóðum saman.

Samkvæmt milliríkjahyggju ráða hagsmunir ríkisstjórna aðildarríkjanna hverju sinni og áhersla ríkjanna í samskiptum við hvert annað er á að vernda fullveldi og landsvæði ríkisins og hlutfallsleg völd þess í alþjóðakerfinu (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 30). Þessi kenning átti vel við þegar Kola- og stálbandalagið var stofnað. Þá var Frökkum efst í huga að halda niðri Þjóðverjum eftir seinni heimstyrjöldina og hafa eftirlit með því að þeir yrðu ekki hernaðarveldi á ný sem myndi ógna Frakklandi líkt og áður hafði gerst. Eftir því sem Evrópusambandið hefur verið að stækka á þessis skýring æ síður við. Einnig hefur Evrópusambandið verið að stækka í síauknu mæli til austurs til fyrrum kommúnistaríkja sem sækja í það markaðsumhverfi sem ríkir á innri markaði Evrópusambandsins. Hjá þeim ríkjum sem sækja um aðild ríkja pólitískir og efnahagslegir hagsmunir. Þrátt fyrir að vera nýkomin undan hæl harðstjórnar sjá þessi ríki ekkert því til fyrirstöðu að framselja hluta af fullveldi sínu sér til hagsbóta. Þróunin er því í átt að því sem sambandsríkjasinnar boða en víkur frá því sem milliríkjasinnar boða.

Í bók sinni Evrópusamruninn og Ísland fjallar Eiríkur Bergmann (2003) um helstu stofnanir Evrópusambandsins og er stuðst við þá bók í þessari umfjöllun. Nú ætla ég að gera stuttlega grein fyrir helstu stofnunum ESB og þeim sáttmálum sem þær byggja á.

Leiðtogaáráðið er valdamesta stofnunin innan Evrópusambandsins og þar er samstarfið á milliríkjagrunni. Viðhorf og pólitískar skoðanir einstakra fulltrúa aðildarríkjanna geta hins vegar stýrt starfinu svo að engu líkara sé en samstarfið sé á sambandsríkjagrunni. Gott dæmi er þegar verið var að koma á sameiginlegum innri markaði og sameiginlegum gjaldmiðli.

Ráðherraráðið er líka samstarf sem er á milliríkjagrunni. Þar ræður líka miklu hver á heldur og pólitísk afstaða fulltrúa landanna getur sveigt starfið í farveg sambandsríkjasinna þótt Ráðherraráðið starfi eðli málsins samkvæmt á milliríkjagrunni.

Framkvæmdastjórnin er lang umfangsmesta stofnun Evrópusambandsins og fer með daglegan rekstur þess. Flestir starfa fyrir Framkvæmdastjórnina. Þessi miklu umsvif eru til marks um

áhrif sambandsríkjasinna innan Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin kemur fram út á við fyrir hönd Evrópusambandsins og rekur utanríkisþjónustu í 130 löndum. Framkvæmdastjórnin hefur umsjón með samningagerð við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Framkvæmdastjórnin er verndari sáttmálans og innri markaðarins. Framkvæmdastjórnin hefur frumkvæði að stefnumótun að nýrri löggjöf og hefur síðan eftirlit með að lögum sé framfylgt í aðildarríkjunum.

Evrópuþingið starfar á sambandsríkjagrunni. Kosið er beinni kosningu af almenningi í 732 þingsæti þar sem þingmenn sitja eftir flokkspólitískri sannfæringu, þvert á landamæri. Þingið hefur lagasetningavald ásamt Ráðherraráðinu. Þingið þarf að afgreiða sameiginlega fjárhagsáætlun Evrópusambandsins ásamt Ráðherraráðinu og fer því með fjárveitingavalld.

Evrópusambandið hefur þróast og tekið stakkaskiptum í árunna rás. Þessa þróun má rekja í breytingum á þeim sáttmálum sem gilda um samstarfið. Grundvallarlög Evrópusambandsins byggja á sáttmálum og þar er lagður grunnur að samstarfi ríkjanna.

Kola- og stálbandalagið er sáttmáli sem undirritaður var 1951 og tók gildi 1952. Sáttmálinn tók til þungaiðnaðar en hefur þó víðtækari þýðingu og er ekki einungis á milliríkjagrunni. Í fyrsta lagi fól samningurinn ekki aðeins í sér fríverslun heldur var með honum hafist handa við að koma á sameiginlegum markaði með sameiginlegum reglum um viðskipti með afmarkaðar iðnaðarvörur milli ríkjanna og starfsfólk á viðkomandi sviðum öðlaðist rétt til starfa hvar sem er á svæðinu. Í öðru lagi kvað samningurinn á um sameiginlega ákvarðanatöku og yfirþjóðlegan stofnanaramma. Aðildarríkin framseldu hluta af ákvarðunarvaldi til sameiginlegra stofnana sem gátu tekið bindandi ákvarðanir fyrir öll aðildarríkin, til að mynda er varðaði tolla, opinberan stuðning, samkeppnisreglur og samninga við þriðja ríki. (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 33) Sjónarmið sambandsríkjasinna hafa náð fram að ganga er varðar sameiginlega ákvarðanatöku og yfirþjóðlegan stofnanaramma. (Pinder, 1998, bls. 6) Stofnanaramminn sem settur var upp er sá sami og í dag. Fullvalda ríki innan Evrópu eru að hefja þróun þar sem ákveðnir þættir fullveldisins eru gefnir eftir til yfirþjóðlegrar stofnunar. „Samningurinn markaði þáttaskil í alþjóðlegu samstarfi, því í fyrsta sinn framseldu sjálfstæðar þjóðir hluta af fullveldi sínu til sameiginlegra stofnana.“ (Eiríkur Bergmann, 2001, bls. 6). Þarna er gengið lengra en þegar eingöngu er unnið saman á milliríkjagrunni. Þessi háttur á samstarfi var nýnæmi og átti sér ekki fordæmi meðal annara þjóða eða í öðru samstarfi.

Rómarsáttmálinn er sáttmáli sem tók gildi 1958. (Eiríkur Bergmann, 2001, bls. 6). Þar er samstarfið þróað frekar á sambandsríkjagrunni.

„Í fyrsta lagi voru allir tollar og magntakmarkanir á viðskiptum milli aðildarríkja afnumdir í áföngum. Þar sem vörur áttu að fá að flæða frjálst yfir landamæri aðildarríkjanna þurfti um leið að koma á sameiginlegri tollastefnu gagnvart öðrum ríkjum til þess að eitt ríki gæti ekki dregið til sín allan innflutning með að lækka tolla einhliða og skekkja þannig samkeppnisstöðu ríkjanna á markaðnum. Í öðru lagi var lagt bann við tæknilegum viðskiptahindrunum svo aðildarríkin gætu ekki verndað eigin framleiðslu á kostnað annara, til að mynda með því að setja innflutningstakmarkanir eða reglur sem hygla innlendri framleiðslu eða gera erlendri framleiðslu erfitt fyrir. Í þriðja lagi voru tekin skref í þá átt að auka frelsi í flutningum fólks, fjármagns og þjónustu milli ríkja á svæðinu.“ (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 35)

Það sem olli óánægju sambandsríkjasinna var það að ákvörðunartökuvald var í auknu mæli flutt til Ráðherraráðsins frá Framkvæmdaráðinu. Samstarfið var að þróast á sambandsríkjagrunni en stofnanirnar og virkni þeirra var enn á milliríkjagrunni. Engar stækkanir höfðu átt sér stað og enn voru í samstarfi þær þjóðir sem upphaflega höfðu stofnað sambandið. Þrátt fyrir þetta greinir Nugent stigbreytingu í samstarfinu og segir: „Þá var endanlega orðið ljóst að sexveldin á meginlandi Evrópu töldu hefðbundnar milliríkjalausnir ekki duga.“ (Nugent, 2006, bls. 26)

Einingarlögin (e. Single European Act) tóku gildi um mitt ár 1987. Þróunin hafði verið hæg frá samþykkt síðasta sáttmála en ríkjum hafði fjölgað innan sambandsins. Málaflokkum sem sambandið tók til var fjölgað, við bættust umhverfismál, rannsókir og félagsmál. (Eiríkur Bergmann, 2001, bls. 7). Samþykkt var að fullmóta innri markaðinn fyrir árslok 1992. Í samstarfinu er verið að víkka út valdsvið Evrópusambandsins og er það í takt við kenningar sambandsríkjasinna. Milliríkjasinna unnu á samhliða því vald Ráðherraráðsins var enn aukið á kostnað Framkvæmdastjórnarinnar og hlutverk Leiðtogaáráðsins var í fyrsta sinn skilgreint í lögum.

Maastricht-sáttmálinn var samþykktur 1992. Það var stórt skref stigið í átt til stefnu sambandsríkjasinna. Vestur-Evrópu var þjappað betur saman með æ nánara samstarfi á enn fleiri sviðum. Þessu samstarfi er lýst í bók Eiríks Bergmanns á eftirfarandi hátt og vísa orð hans „Samningurinn um Evrópusambandið“ til Maastricht-sáttmálans:

„Samningurinn um Evrópusambandið er byggður á þremur stoðum. Fyrsta stoðin, og sú allra mikilvægasta hefur að geyma samninginn um Evrópubandalögin. Í sáttmálanum var lögð aukin áhersla á vísinda-, mennta- og æskulýðsmál ásamt heilsuvernd, neytendavernd og umhverfisvernd. Önnur og þriðja stoðin fjalla um ný samstarfssvið; annars vegar um utanríkis- og öryggismálastefnu og hins vegar um samstarf á svið innanríkis- og dómsmála. Í sáttmálanum er kveðið á um að Evrópusambandið láti meira til sín taka á alþjóðavettvangi með sameiginlegri utanríkis- og varnarstefnu sem komið verið á í þeim tilgangi.“ (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 39)

Með Maastricht samkomulaginu varð samstarfið ekki lengur hrein efnahagssamvinna heldur hefur verið bætt við pólitísku og félagslegu samstarfi. Þetta er mjög í anda sambandsríkjasinna og hefur þróast langt út fyrir mörk hefðbundinnar milliríkjasamvinnu. Það átti jafnvel að ganga svo langt að kenna Evrópusambandið við sambandsríki en Bretar beittu neitunarvaldi gegn því. (Eiríkur Bergmann, 2001, bls. 8)

Amsterdam-sáttmálinn var samþykktur 1997. Aðalmálið var samræming peningamálastefnu og upptaka evrunnar. Fleira kom til. Í fyrsta lagi var aðildarríkjum að fjölga og það þurfti að auka skilvirkni stofnana til að mæta fjölgun þeirra með einföldun ákvörðunartöku. Í öðru lagi er ESB farið að koma fram fyrir hönd þjóðanna á æ fleiri sviðum og það þurfti að samhæfa aðgerðir á alþjóðavettvangi. Í þriðja lagi að auðvelda frjálsa för fólks yfir landamæri og víkka það út frá launþegum til almennra borgara (Eiríkur Bergmann, 2003, 41) Hér er þróunin mjög í átt til sjónarmiða sambandsríkjasinna. (Pinder, 1998, 23). Evrópusambandið er að stækka og innri markaðurinn að styrkjast. Stefnt er að samræmingu peningamálastefnu og einni mynt til að auðvelda viðskipti á sameiginlegum markaði. Evrópusambandið er að undirbúa sig fyrir að koma fram fyrir hönd ríkjana á æ fleiri sviðum, það má segja að Evrópusambandið sé að öðlast eina rödd til að svara fyrir hönd aðildarríkjana á einn samræmdan hátt.

Nice-sáttmálinn var samþykktur árið 2000. „Þungamiðjan í Nice-samkomulaginu er að liðka fyrir stækkun ESB til ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu; til að mynda með því að semja um bráðnauðsynlegar umbætur á stofnunum sambandsins með hliðsjón að fjölgun aðildarríkjanna.“ (Eiríkur Bergmann, 2003, bls. 42). Enn stækkar Evrópusambandið og hinar yfirþjóðlegu stofnanir þurfa að laga sig að sístækkandi markaði og fjölgun aðildarlanda. (Galloway, 2001, bls. 181). Sjónarmið sambandsríkjasinna eru ráðandi og verið er að gera samstarfið þjálla eftir því sem aðildarríkjum fjölgar. Stækkunin breiðir út lýðræðisþróun í Mið- og Austur-Evrópu. (Sjursen, 2006, 4).

Það virtist því eðlilegt í þróun sambandsins að til yrði stjórnarskrá, en þá var almenningur tregur í taumi og Frakkar og Hollendingar höfnuðu henni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tómas Ingi Olrich lýsir örlögum stjórnarskrárinnar með þessum orðum: „Upp úr drögunum að stjórnarskrá Evrópu var samið plagg, sem hlaut nafnið Endurskoðunarsamningur (Reform Treaty). Sá samningur var samþykktur af aðildarríkjum ESB í Lissabon og ber síðan nafn borgarinnar. Ekki þótti ráðlegt að leggja Lissabon-samninginn undir þjóðaratkvæði meðal aðildarþjóðanna sem á annað borð gátu komist undan því.“ (Tómas Ingi Olrich, 2011, bls. 68). Írland var eina þjóðin sem þurfti að kjósa og hún felldi samninginn 2008. En þá var bara kosið aftur og í það sinn samþykktu Írar sem áttu þá við mikla efnahagsörðugleika að etja.

Kenningin um sambandsríkjahyggju skýrir betur þróun Evrópusambandsins að mínu mati. Þróun Evrópusambandsins hefur markast af kenningum um sambandsríkjahyggju og milliríkjahyggju í misríku mæli þó. Í hverjum nýjum sáttmála hefur í æ ríkara mæli verið unnið eftir kenningum um sambandsríkjahyggju og gekk það svo langt að kenna átti Evrópusambandið við sambandsríki í Maastricht-sáttmálanum. Sambandsríkjasinnar eiga málsvara í John Pinder sem fer ekki dult með þá skoðun sína að. „Evrópusambandið er að mínu mati líklegra heldur en ekki að þróast í áttina að sambandsríki, og það ætti að gera það.“ (Pinder, 1998, 8). Nú reyna framámenn í Evrópusambandinu að renna styrkari stoðum undir evruna og það kallar óhjákvæmilega á nánara samstarf í fjármálum einstakra ríkja og ýtir enn undir þróun í átt að sambandsríki. Samt nálgast ríkin samrunan á ólíkan hátt og tek ég því undir með Eiríki Bergmann þegar hann segir það megi: „klárlega setja öll norrænu ríkin og Ísland sérstaklega í hóp þeirra ríkja sem hafa tengst Evrópusamrunanum út frá hugmyndum milliríkjahyggju.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 41).

2.4. SÖGULEG ÞRÓUN Á ÍSLANDI

Ísland hefur nálgast Evrópusamrunann út frá hugmyndum milliríkjahyggju og hafa Sjálfstæðismenn verið í stjórn þegar skref hafa verið tekin í átt til nánari samruna.

Greina má þrjár umræðulotur í Evrópusamrunanum. Við aðild að EFTA, við aðild að EES-samningnum og nú síðast þegar kosið var um að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið sumarið 2009.

Sjálfstæðismenn voru áfram um EFTA-samninginn og töldu hann mjög til bóta fyrir utanríkisverslun Íslands. Þeir voru síðan í stjórnarandstöðu þegar EES-samninginn bar fyrst á góma og voru þá á móti honum, en síðan komu kosningar og þeir voru í stjórn á því kjörtímabili sem EES-samningurinn var samþykktur. Ekki voru allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins þó fylgjandi EES-samningurinn en nægilega margir til að samningurinn var samþykktur. Það var samdóma álit viðmælenda minna nú að þeim fannst EES-samningurinn hafa verið mjög til bóta fyrir íslenskt samfélag og það opnaði okkur aðgang að mikilvægum mörkuðum. Viðmælendum mínum finnst það kostur að samningurinn skuli vera á milliríkjagrunni og telja að hann hafi það langa lífdaga að það þurfi ekki nánari samruna. Sjálfstæðismenn voru í stjórn með Samfylkingunni þegar umræða hófst um að sækja um aðild að Evrópusambandinu áramótin 2008/2009. Þá settu Sjálfstæðismenn á fót nefnd um Evrópumál og fjallað var um helstu málaflokka er tengjast Evrópumálum, svo sem fullveldi, sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og byggðamál. Þetta er umfjöllum í umræðustíl án beinnar niðurstöðu. Þar koma fram áhyggjur af fullveldi Íslands ef við göngum í Evrópusambandið (Evropunefnd.is, 2009). Umræða um að taka upp nýjan gjaldmiðil var eldsneyti á umræðurnar og var sá kostur lengi í umræðunni, eða allt til þess að syrta tók í álinn á evrusvæðinu með tilheyrandi kreppu vegna skuldavanda einstakra aðildarríkja. Þegar greidd voru atkvæði um að ganga til aðildarviðræðna sumarið 2009 voru allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins á móti nema einn sem sagði já og einn sem sat hjá.

3. AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNAR

Í þessum kafla verður framkvæmd rannsóknar lýst og útskýrt hvaða aðferðum var beitt við söfnun og greiningu gagna.

3.1 HÖNNUN Á RANNSÓKN

Rannsóknin er eigindleg rannsókn þar sem tekin eru viðtöl við þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þótti gagnlegast að ræða við um afstöðu til Evrópusambandsaðildar til að fá sem besta mynd af afstöðu flokksins í heild sem er ekki einsleit.

Tekin voru viðtöl við viðmælendur undir nafni, enda erfitt að nota nafnlaus viðtöl þegar viðmælendur eru valdir úr svo fámennum hópi. Þegar ég vinn úr gögnum rannsóknarinnar vísa ég þó ekki til þeirra með nafni heldur sem viðmælanda 1-7. Þannig dregur úr tengingu við persónu þeirra þau ummæli sem þau viðhöfðu í viðtölunum. Það skal tekið fram að auðvelt var að fá þingmennina til að veita viðtölin, þeir voru áfram um að tjá sig um afstöðu sína og það truflaði þá ekkert að viðtölin voru tekin upp. Ég valdi að gera eigindlega rannsókn og taka viðtöl vegna þess að slík rannsókn hefur ekki verið gerð á afstöðu Sjálfstæðisflokksins. Ég vildi að nokkurt nýnæmi væri af framlagi mínu til Evrópurannsóknna hér á landi. Viðtölin voru framkvæmd þannig að ég var með umræðupunkta sem ég vann eftir að greina umræður á Alþingi sumarið 2009 þegar aðildartillaga var lögð fram og rædd. Engu að síður voru viðtölin hálfopin því þeim var leyft að þróast í takt við ummæli viðmælanda. Fyrsta spurning mín var ávallt „Hver er afstaða þín til Evrópusambandsaðildar?“ Viðmælendur tjáðu sig gjarnan í löngu máli og komu sumir inn á alla umræðupunkta mína án þess að frekari spurninga væri þörf. Í viðauka 7.3 er að finna lista yfir umræðupunkta mína.

Ennfremur greindi ég umræður á Alþingi við þingsályktunartillögu um að leggja í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þar vísa ég til þingmanna undir nafni ef svo ber undir, líka vísa ég til viðmælanda minna undir nafni. Ég greini ummæli Sjálfstæðismanna í þessum umræðum á þingi.

3.2. VIÐMÆLENDUR Í RANNSÓKN

Viðmælendur í viðtalshluta rannsóknarinnar eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Fyrstan má telja Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins og meðlim Evrópunefndar Alþingis. Hér eftir verður vísað til hans sem viðmælanda 1. Hann er valdamikill í flokknum og nýbúinn að endurnýja umboð sitt sem formaður flokksins í kosningum á flokksþingi. Í öðru lagi valdi ég varaformann flokksins, Ólöfu Nordal sem á þátt í að stýra daglegu starfi í flokknum og er einnig valdamikil innan flokksins. Hér eftir verður vísað til hennar sem viðmælanda 2. Í þriðja lagi valdi ég hinn varaformann flokksins, Kristján Þór Júlíusson, sem einnig er valdamikill innan flokksins. Hér eftir verður vísað til hans sem viðmælanda 3. Kristján er fulltrúi landsbyggðarþingmanna og hefur reynslu úr atvinnulífinu af atvinnugrein sem títt bar á góma, sjávarútvegi. Hann leiddi líka vinnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópunefnd sem komið var á laggirnar áramótin 2008 til 2009. Í fjórða lagi valdi ég þingmann sem hafði sig mest í frammi þegar tillagan um að sækja um aðild að Evrópusambandinu var lögð fram; það er Pétur Blöndal sem hér eftir verður vísað til sem viðmælanda 4. Þegar tillagan var lögð fram skáru tveir þingmenn sig úr hópi þingflokksins og valdi ég þá báða. Annar þingmaðurinn sagði já við tillögunni, það var Ragnheiður Ríkharðsdóttir sem hér eftir verður vísað til sem viðmælanda 5. Ég valdi hana sem viðmælanda vegna þess að hún sagði já. Hinn þingmaðurinn sat hjá þegar atkvæði voru greidd um tillöguna; það var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem hér eftir verður vísað til sem viðmælanda 6. Ég valdi hana vegna þess að hún sat hjá. Einnig á hún sæti í þingmannanefnd EFTA. Að lokum valdi ég Illuga Gunnarsson, sem hér eftir verður vísað til sem viðmælanda 7. Hann hefur sérstaka þekkingu og áhuga á Evrópumálum og var vel heima í þeim, enda var hann aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar þegar hann var ráðherra.

Markmiðið með umfjöllun minni er að draga fram ólík sjónarmið innan flokksins. Þessir einstaklingar voru valdir til að draga fram sem breiðastan hóp, en í rannsókninni er ég fyrst og fremst að reyna draga fram þá þætti sem helst virðast móta afstöðu þingmanna. Hver segir hvað er ekki aðalatriði og reynt er að forðast að menn lesi tilvitnanir út frá því hver talar hverju sinni, þess vegna er nöfnum ekki haldið til haga í sjálfri umfjölluninni. Sé sérstakur áhugi á því geta lesendur þó alltaf rakið einstök ummæli með því að skoða listann yfir viðmælendur í viðauka.

3.3. LÝSING Á RANNSÓKNARAÐFERÐ/UM, KOSTIR OG GALLAR

Viðtölin voru tekin upp á tímabilinu júní til september 2012. Þrjú viðtöl voru tekin í júní, þrjú viðtöl í júlí og eitt í september. Eins og fram kemur í viðtölunum voru Evrópumál mikið í deiglunni á þessum tíma. Evran var og er í mikilli kreppu; ríkin Grikkland, Spánn og Portúgal glímdu við afleiðingar kreppu og óvíst var um áframhaldandi aðild Grikklands að evrusamstarfinu. Spánn þurfti björgunarpakka sem óvíst var hvort dygði þeim og lýsti viðmælandi 2 yfir sérstökum áhyggjum vegna þess. Kostir þessarar rannsóknar er að þar kemur greiðlega fram sú mikla deigla sem Evrópumálin eru í en gallinn er að sama skapi sá að þessi rannsókn kann að verða barn síns tíma, þ.e. að rannsóknin eldist ekki mjög vel, verði of lituð af dægurþrasi samtímans.

3.4. AÐGENGI AÐ GÖGNUM

Eins og áður var lýst gekk mjög greiðlega að fá þingmenn til að veita viðtöl og var aðgengi að þeim gott. Ég sneri mér til Svanhildar Hólm Valsdóttur, framkvæmdastjóra þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hún gaf mér upp allar helstu upplýsingar um alla þingmenn flokksins, farsíma, netföng og ferilskrá, svo auðvelt var að velja þingmenn til viðræðna og ná í þá. Rannsóknin snýr ennfremur að því að greina umræður þingmanna þegar tillaga var lögð fram á sumarþingi 2009 um að gengið skyldi til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Til að nálgast þau gögn hafði ég samband við skrifstofu Alþingis með tölvupósti og fékk send um hæl gögn í tölvupósti sem beindu mér á umræðurnar og atkvæðagreiðsluna. Þetta eru allt opinber gögn, sérlega aðgengileg á opinni síðu á vef þingsins og mér þjónusta þingsins reyndist mér mjög góð þegar ég þurfti á þessum gögnum að halda.

3.5. GREINING GAGNA

Í umræðum á þingi komu fljótt fram ákveðin þemu og því valdi ég að beita þemagreiningu við úrvinnslu gagnanna. Ég notaði þessi þemu sem grunn að umræðupunktum fyrir viðtölin. Vakin skal sérstök athygli á því að hvergi í viðtölunum spurði ég um fullveldi beint, en þessi punktur kom upp í öllum viðtölunum, beint og óbeint. Þemun fullveldi, sjávarútvegur,

landbúnaður, gjaldmiðill og þróun Evrópusambandsins komu fyrir í umræðum á þingi og einnig í viðtölunum og lá því beint við að vinna út frá þessum þemum. Rannsóknarspurning mín lýtur líka að því hvaða þættir hafi áhrif á afstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar og þessir þættir eru ákveðnir málaflokkar sem mest hafa verið áberandi í umræðunni um Evrópusambandsaðild undanfarin ár.

3.6. RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKI RANNSÓKNAR

Rannsóknin er byggð á opinberum gögnum, sem eru umræðurnar á sumarþingi 2009 þegar tillaga um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið er lögð fram og samþykkt. Þetta eru mjög áreiðanleg gögn og öllum opin. Viðtölin sem tekin voru sumarið 2012 voru hljóðrituð og afrituð orð fyrir orð og síðan prentuð út til frekari greiningar. Í þessum viðtölum kemur fram afstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar sem er efni þessarar rannsóknar. Við greiningu gagna er þess gætt að miðla skoðunum þingmanna beint svo að sem réttust og sönnust mynd fái af afstöðu þeirra og þeim breytingum sem afstaða þeirra kann að hafa tekið frá umræðum á sumarþingi 2009. Með því að styðjast við tvenns konar gögn (umræður á Alþingi um þingsályktunartöllu og viðtöl við einstaka þingmenn) er leitast við að tryggja sem best áreiðanleika rannsóknarinnar. Komi svipuð þemu fram í hvoru tveggja eykur það á trúverðugleika niðurstaðna.

3.7. STAÐA RANNSAKANDA INNAN RANNSÓKNAR

Ég hef stundað nám í Evrópufræðum og þekki því viðfangsefnið orðið nokkuð vel. Það kann að hafa haft áhrif á þær spurningar sem ég spurði viðmælendur mína. Ennfremur ber að taka fram að ég er flokksbundin Sjálfstæðisflokknun og kom í ljós við upphaf viðtals við viðmælanda 6 að hann vissi um aðild mína að flokknun. Ég hef ekki gert upp við mig hvort ég er fylgjandi eða andvíg aðild að Evrópusambandinu og fannst því einkar fróðlegt að kynnast afstöðu þingmanna. Þetta er því könnunarleiðangur fyrir mig, einkar fróðlegur. Ég er hlynnt Evrópsku samstarfi en deili áhyggjum þingmannanna sem ég var að ræða við af þróun mála innan Evrópusambandsins.

4. NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla verður fjallað um ummæli þingmanna Sjálfstæðisflokksins bæði í umræðum á Alþingi 2009 og eins í viðtölum sem tekin voru við þá sumarið 2012. Ummælin eru greind niður í þá þætti sem algengast var að komu fram í orðum þingmanna. Í köflunum um viðtöl eru ummæli viðmælendanna skáletruð til frekari aðgreiningar.

4.1. FULLVELDI

Fullveldi kom fyrir í umræðum á Alþingi og í viðtölunum. Engin vildi verða þess valdandi að þetta fjöregg þjóðarinnar tapaðist.

4.1.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins tóku til máls í umræðum á Alþingi og neðangreindir tveir þeirra nefndu fullveldi sérstaklega í umræðum sínum.

Pétur Blöndal ræddi um fullveldið í umræðum á Alþingi 2009. „Við börðumst fyrir sjálfstæði í áratugi og eftir að við fengum fullveldi og sjálfstæði hefur þjóðinni vegnað mjög vel. Hún hefur breyst úr því að vera fátækasta þjóð í Evrópu í það að verða ein ríkasta, jafnvel eftir hrun. Fullveldið hefur því gefið okkur eitthvað og ég vil ekki að menn hendi því svona léttúðlega frá sér, horfandi á einhverja augnabliksstöðu og gleyma því að Evrópusambandið er að breytast í risaríki. Við höfum 600 ára reynslu af því að vera í tengslum við ríki suður í Evrópu og sú reynsla var ekki góð. Hún var verulega slæm. Ekki vegna þess að Danir væru vont fólk heldur vegna þess að þeir höfðu engan skilning á vandamálum Íslendinga, engan áhuga á þeim. Það verður nákvæmlega eins með Brussel. Þar munu menn ekki hafa skilning á vandamálum Íslands, þeir munu ekki hafa áhuga á þeim og við þurfum að fara að grafa upp gömul bænaskjöl frá 17. Öld.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Einar K. Guðfinnsson segir í atkvæðagreiðslu að:“Aðildin að Evrópusambandinu [...]felur í sér óviðunandi fullveldisafsal og er þess vegna í andstöðu við hagsmuni þjóðarinnar.“

(Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

4.1.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Fullveldi var einnig ofarlega í huga þingmanna í viðtölum við þá sumarið 2012.

Í landinu er mikið ákall um að fólkið hefði meira að segja um málefni sem standa þeim næst. Þessi þróun hefur átt sér stað sérstaklega undanfarin átta ár og byrjaði þegar fjölmiðlalögum var vísað til forseta til undirritunar. (Viðmælandi 1)

Ekki sér fyrir endann á þessari þróun. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins telja sumir hverjir að það sé skref í öfuga átt að sækja um aðild að Evrópusambandinu þegar kjósendur hafa uppi ákall um að hafa meira um málefni þjóðarinnar að segja. Einn viðmælandinn bendir á aukna kröfu um íbúalýðræði, t.d. íbúáþing á sveitarstjórnarstigi og ýmisskonar samráð sem áður tíðkaðist ekki. Komnir eru sérhæfðari aðilar sem veita sveitarstjórnnum sérstaka ráðgjöf um hvernig eigi að hafa virkt samráð við íbúa. Umræðan um endurskoðun stjórnarskrárinnar er einnig tekin sem dæmi um það hversu mikilvægt það þyki á Íslandi að fólk hafi meira um stóru málefnið að segja en hefur verið hingað til. Eða eins og viðmælandi 1 orðar það:

Innganga í Evrópusambandið myndi ganga í þveröfuga átt við þá þróun í lýðræðisátt sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarin átta ár. Ákvarðanir yrðu færðar frá Íslandi og yfir til Brussel. (Viðmælandi 1)

Viðmælandi 3 leggur hins vegar áherslu á fullveldið í samhengi við yfirráð yfir auðlindum.

Ég hef alltaf verið andvígur inngöngu í Evrópusambandið sérstaklega af einni ástæðu sem er fullveldisréttur þjóðarinnar yfir eigin auðlindum. (Viðmælandi 3)

Þannig að það er bæði lýðræði og yfirráð yfir eigin auðlindum sem kemur í veg fyrir vilja til að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Víðast hvar í Evrópusambandinu er kosningaþáttakan ekki nema 30-40% til Evrópuþingsins og sums staðar jafnvel undir því. Þróunin í Evrópu er á þann veg að vilji er fyrir að þjóðþingin endurheimti meira af völdum sínum og má þar benda á skýra stefnu utanríkisráðherra

Bretlands. Þessi stefna endurspeglar vilja bresku þjóðarinnar sem þrýstir á forsætisráðherra sinn um þjóðaratkvæðagreiðslu um úrsögn úr Evrópusambandinu.

Viðmælanda 1 er ofarlega í huga þessi lýðræðispunktur. Og það vegur miklu þyngra í hans huga heldur en þau mótrök sem oft eru notuð að með EES-samningnum séu Íslendingar að samþykkja án þess að hafa nokkra aðkomu að því alla löggjöf EES-svæðisins. Það sé í fyrsta lagi ekki nákvæmt vegna þess að Ísland hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri á frumstigum löggjafarvinnunnar hjá þinginu. Að mati viðmælandans hefur þessi þáttur verið vanræktur og segist hann hafa bent á það í skýrslu sem hann lét gera á Alþingi, sem formaður utanríkismálanefndar, að þingið ætti að gera meira í því að gæta hagsmuna sinna þegar löggjöf, reglugerðir eða tilskipanir eru á frumstigi í Evrópusambandsstjórnkerfinu. Í öðru lagi þá sé hið Evrópska stjórnkerfi byggt á tveggja stoða kerfi þar sem báðar stoðirnar verða að hafa samþykkt til þess að fullgildingin verði virk.

Og þrátt fyrir að það kunnir að líta út fyrir að vera fyrst og fremst formlegs eðlis þá er Alþingi engu að síður með heimild til að hafna upptöku tilskipana og gerða sem að vilji stendur til þess að fari inn í EES samninginn hvenær sem er. Það kann að hafa afleiðingar á samninginn eða einstaka kafla hans en heimildin er engu að síður til staðar. Það er fráleitt að segja að við Íslendingar séum að samþykkja alla löggjöfina óséða. (Viðmælandi 1)

Viðmælandi 1 gerir síðan athugasemd við það hversu fáa þingmenn Ísland komi til með að eiga í 800 þingmannahópi Evrópusambandsins. Það er í hans huga áhyggjuefni hvernig við eigum að sinna mörg hundruð nefndum sem Ísland kæmi til með að eiga rétt á að manna, hann segir að aðrar þjóðir einbeiti sér aðeins að völdum nefndum og það er í hans huga lýðræðishalli að ekki sé bolmagn til að sinna öllu sem Íslendingar eiga rétt á að taka þátt í.

Viðmælandi 1 er engu að síður á þeirri skoðun að með því að gerast aðilar að EES-samningnum höfum við stigið mjög gott skref með því að ganga inn á hinn sameiginlega markað og hann er meðvitaður um að Ísland hafi aldrei neitað að taka upp neitt í EES-samningin sem hafi farið gegnum sameiginlegu nefndina út í Evrópu sem er vettvangur til að ákveða hvort mál varði innri markaðinn, tengist EES samningnum.

Greinilegt er að viðmælandi 4 lítur svo á að aðildin að EES sé ekki ógn við fullveldið en:

Fullveldið er það mikilvægasta sem við myndum missa ef við gengjum í Evrópusambandið. (Viðmælandi 4)

Viðmælandi 4 bendir á að Ísland var 600 ár undir annara stjórn. Fyrst undir Noregi og síðan undir Danmörku. Að hans mati var þessi 600 ára reynsla var mjög döpur og litar mjög afstöðu viðmælanda 4. Hann leggur ekki endilega áherslu á auðlindir því þær komi og fari. Meira máli skipti að hafa valdamiðjuna nálægt fólkinu.

Ef Ísland gengi í Evrópusambandið þá yrði það eins og lítið fylki eða lítill hreppur. Hlutfallið Ísland á móti Evrópusambandinu er eins og Raufarhöfn á móti Íslandið. Þannig að umræðan um völd Raufarhafnar í landsmálum á Íslandi er sennilega hlutfallslega meira heldur en Ísland yrði gangvart Evrópusambandinu. Bara til að sýna okkur hlutföll. (Viðmælandi 4)

Viðmælandi 4 bendir á að það hafi verið þetta sem Jón Sigurðsson hafi einmitt barist fyrir á sínum tíma, að færa valdið nær þjóðinni. Viðmælandinn bendir á að eftir að við fengum fullveldi 1918 og sjálfstæði 1944 þá hafi gengið mun betur efnahagslega.

Við vorum fátækasta þjóð Evrópu eftir þessa 600 ára reynslu sem hluti af ríki í útlöndum sem þótti þó nota bene mjög gott ríki. Ísland var bara mjög aftarlega í röðinni. Og þannig verður það líka þegar embættismaður í Brussel byrjar að taka ákvarðanir er varða Ísland, fyrst verður ákveðið fyrir stóru ríkin eins og Spán og einhverstaðar lang síðast kemur að Íslandi. (Viðmælandi 4)

Þannig að þetta er það sem viðmælandi 4 óttast og þetta ræður afstöðu hans til Evrópusambandsins.

En tveir næstu viðmælendur hafa ekki sömu áhyggjur af fullveldinu eins og fyrstu þrír viðmælendurnir.

Viðmælandi 5 segir að með aðild okkar að EES samningnum höfum við nú þegar afsalað okkur ákveðnu fullveldi. En hún segir jafnframt:

Dettur einhverjum í hug að Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Frakkland og Þýskaland séu ekki sjálfstæðar fullvalda þjóðir. Allar aðilar að Evrópusambandinu? Dettur einhverjum í hug að þær ráði ekki sínum málum þó þær þurfi að taka tillit til og fara eftir reglugerðum líkt og við þurfum, það þýði ekki að þær hafi glatað fullveldi sínu. (Viðmælandi 5)

Viðmælandi 5 heldur að þetta sé þáttur sem vert sé að skoða og þetta sé þáttur sem andstæðingar Evrópusambandsins nota vegna þess að það er svo sterkt og það sé svo vont að segja að þjóðin sé að glata fullveldi sínu. En hún telur jafnframt að það framsal á fullveldi sem orðið er með EES samningnum fari gegn stjórnarskrá og það sé eitthvað sem þurfi að laga með nýrri stjórnarskrá.

Viðmælandi 6 er ekkert hrædd um fullveldið ef við gengjum í Evrópusambandið.

Ég horfi bara til Danmerkur og er ekki að sjá að þjóðareinkenni Dana hafi eitthvað minnkað í ESB, eða Svía eða Finna. Þeir eru mjög sterkir og þú (höfundur) sérð bara hvernig til dæmis Finnar hafa blómstrað, menntakerfið hefur blómstrað og þeir hafa náð að halda uppi einhverri svona sér finnskri leið í menntamálum sem hefur verið þannig að þeir eru í forystu í menntamálum á heimsvísu. Svo eru Spánverjar með sín einkenni og Ítalir. (Viðmælandi 6)

Sterkar tilfinningar eru tengdar umræðunni um fullveldi hjá viðmælendum mínum en þeir eru ekki á einu máli um mikilvægi fullveldis við umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Tveir viðmælenda minna hafa engar áhyggjur af fullveldinu við aðild að Evrópusambandinu og er það mikilvægur punktur.

4.2. SJÁVARÚTVEGUR

Sjávarútvegur var mikið í umræðunum í viðtölum við þingmenn sumarið 2012. Flestir voru þeirrar skoðunar að það væri mikið óheillaskref ef við töpuðum yfirráðum yfir fiskimiðunum.

4.2.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Tveir þingmenn gerðu sjávarútveginn að umræðuefni á Alþingi 2009. Einar K. Guðfinnsson og Bjarni Benediktsson.

Bjarni Benediktsson dregur fram helstu ástæðu þess að hann vilji ekki ganga í Evrópusambandið.

„En það er einmitt sjávarútvegsstefnan sem hefur verið ein helsta ástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

4.2.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Viðmælendur mínir voru mjög áfram um að tjá sig um sjávarútvegsmálin.

Ég er þeirrar skoðunar að ein mesta fórnin sem við myndum færa við inngöngu í Evrópusambandið væri að gangast undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins. Fyrir okkur með okkar víðfeðmu fiskveiðilögsögu er miklu stærra skref að ganga í Evrópusambandið en fyrir flestar aðrar þjóðir. Íslendingar eru með tæplega 800 þúsund ferkílómetra fiskveiðilögsögu sem við höfum þurft að hafa mikið fyrir að hafa fulla stjórn yfir eins og deilurnar við Breta bera vitni um. Okkur hefur tekist á undanförunum áratugum að þróa kerfi sem hefur tryggt hámarks nýtingu þessarar auðlindar og til þess er horft víða um heim hve vel hefur tekist til hjá okkur Íslendingum. (Viðmælandi 1)

Við höfum líka nýleg dæmi um að auðlindin getur verið breytileg frá einum tíma til annars eins og makrillinn er dæmi um.

Ég tel engar líkur á því að það verði komið með samning sem uppfylli okkar skilyrði þegar kemur að sjávarútvegsmálum. Við sjáum bara hvernig ástandið er núna gagnvart makrílnum. (Viðmælandi 2)

Viðmælandi 1 bendir á þá búbót sem makríllinn er en viðmælandi 2 bendir á deilurnar sem makrílveiðarnar hafa vakið.

Fyrir svona lítið land sem reiðir sig svona mikið á sjávarútveg þá er svo mikilvægt að hafa stjórn yfir honum. Ísland hefur staðið sig vel í stjórn fiskveiðimála og alþjóðasamfélagið hefur horft til þess með aðdáun hvernig stjórnvöldum hefur tekist að hemja veiðarnar. Íslendingar hafa ekki viljað að erlendir aðilar keyptu sig inn í íslenskan sjávarútveg. Það auðvitað skýrist af því að Íslendingar vilja vernda sjávarútveg landsins. Það er svo auðvelt að missa stjórn á þessu.

Ég er andvígur inngöngu í Evrópusambandið vegna þess að þá myndum við missa fullveldisyferráð yfir auðlindunum, þá fyrst og fremst fiskveiðiauðlindinni. Og í grundvöllinn er ég þeirrar skoðunar að þjóð eins og Íslendingar sem byggja útflutningstekjur sínar að stórum hluta á sjávarútvegi þá sé það forsenda fyrir tilveru hennar að hún hafi full yferráð yfir sjávarútvegsauðlindinni. (Viðmælandi 3)

Menning Evrópusambandsins varðandi veiðar og vinnslu er allt önnur. Þá vill viðmælandi 3 að það komi fram að margt sé gott í því hvernig Evrópusambandið stjórnar sínum sjávarútvegi. Þar sé mörkuð stefna til lengri tíma sem geri þeim aðilum sem stunda rekstur í sjávarútvegi auðveldara fyrir að marka stefnu í fjárfestingum til lengri tíma og skipuleggja rekstur sinn.

Hér á Íslandi sé pólitískt uppboð á fjögurra ára fresti og stundum oftar einfaldlega vegna þess hve stóran hluta sjávarútvegur hefur í efnahag þjóðarinnar og þá sé vinsælt að setja þetta á pólitískt uppboð. Þess ber að geta að sjávarútvegur í Evrópusambandinu er ríkisstyrktur og það höfum við ekki hér. (Viðmælandi 3)

Benda má á hvernig genginu hefur verið stýrt þannig að það sé hagstætt fyrir útflutningsgreinarnar, þar á meðal sjávarútveg, og má velta fyrir sér hvort það sé ekki ríkisstyrkur. En meginatriðið í sjávarútvegi er það að fengi Ísland aðild að Evrópusambandinu þá myndi forræði landsins yfir hversu mikið er tekið upp úr auðlindinni á ári og hverjir sækja það fara frá Íslandi til Brussel og það getur viðmælandi 3 ekki hugsað til enda og þess vegna hefur hann allan fyrirvara á með þessa aðildarumsókn.

Auðlind eins og sjávarútvegur hafi ekki úrslitaáhrif á hvort ég myndi ganga í Evrópusambandið. Það var ekki fyrir en skipin urðu örugg að hægt var að fara að hætta borga fyrir þá auðlind með mannlífum og það var mannauðurinn sem gerði að verkum að menntaðir voru tæknifræðingar til að búa til örugg skip. Sjávarútvegurinn kostaði mannlíf, ekki eitt einasta ár hefur liðið í Íslandssögunni að ekki yrðu mannstöp út af sjávarútvegi, nema undanfarin tvö ár. (Viðmælandi 4)

Hér kveður við nýjan tón, mannauðurinn er talin mikilvægari auðlind heldur en sjávarútvegurinn. Viðmælandi 4 sker sig úr hópi viðmælenda minna með þessu viðhorfi sínu. Og viðmælandi 5 sker sig líka úr hópnum. Hún segir:

Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar að Íslendingar gætu kennt Evrópuþjóðum meira í sjávarútvegi en Evrópuþjóðirnar gætu kennt okkur. Ofveiði er í algleymingi hjá mörgum Evrópuþjóðum. Svo er þessi ótti að hér komi stórir verksmiðjutogarar inn í okkar landhelgi til að veiða okkar staðbundnu stofna. Ég hefur alltaf litið svo á að svoleiðis yrðu hlutirnir ekki. (Viðmælandi 5)

Skoðun viðmælanda 5 er að það væri Íslendinga að kenna löndunum í Evrópu hvernig hægt er að stunda fiskveiðar á sjálfbæran hátt í stað þess að ofnýta stofnana. Henni finnst þessi nálgun sjaldan vera í umræðunni um sjávarútveginn. Þannig að viðmælandi 5 hefur haft þá skoðun að við gætum kennt Evrópusambandinu og leiðbeint í því hvernig ætti að fara vel með þessa auðlind sem er takmörkuð. Hún skilur mótrökin vel og mun líka setja mikinn fyrirvara við það hvað kemur út úr þessum samningaviðræðum um sjávarútveginn vegna þess að þetta er okkar undirstöðuatvinnugrein og við verðum að halda yfirráðum yfir Íslandsmiðum. Viðmælandi 5 segir að umræður um sjávarútveginn séu stærsti pósturinn í viðræðunum, þannig að hún er fyllilega meðvituð um mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga en sýnir hugrekki í þeirri nálgun að við getum kennt Evrópusambandinu sitthvað um sjávarútveg. Það kveður við annan tón hjá viðmælanda 6, hún segir:

Ég hef áhyggjur af sjávarútveginum ef við göngum í Evrópusambandið. Evrópusambandið verður einfaldlega að skilja það að við erum bæði með þennan hagvöxt, framlegð í sjávarútvegi, frelsið eins og framsalsreglur og við erum með reglur um brottkast að strangt sé tekið á því. Evrópusambandið verður að taka tillit til

Íslenskra aðstæðna. Ef þeir gera það ekki þá held ég að þetta mál sé algerlega búið. (Viðmælandi 6)

Að mati viðmælanda 6 verður að taka tillit til ákveðinna rekstrarþátta í íslenskum sjávarútvegi og ef Evrópusambandið er ekki tilbúið til þess þá verður mjög erfitt að sannfæra þjóðina um að það sé rétt að taka þetta skref.

Ég tel að þróun ESB skipti meira máli en sjávarútveginn. En ég held að það verði bara aldrei samþykkt hér að við gefum frá okkur lokaorðið um stjórn fiskveiða á Íslandi. (Viðmælandi 7)

Það er alveg augljóst mál að Íslendingar munu alltaf þurfa að færa forræðið yfir staðbundnum og sameiginlegum stofnum til ESB, undan því verður aldrei vikist. Það verður heldur ekki vikist undan því að Ísland gangist undir sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna. Viðmælandi 7 telur að það myndi aldrei vera samþykkt í atkvæðagreiðslu, þannig að við þyrftum að vera algerlega undanskilin því svo að það séu einhverjar líkur á því að þjóðin segi já við ESB. Þótt viðmælanda 7 finnist þróun Evrópusambandsins vera mikilvægari en sjávarútvegurinn þá gerir hann sér engu að síður fulla grein fyrir mikilvægi sjávarútvegsins í huga þjóðarinnar.

4.3. LANDBÚNAÐUR

Sjálfstæðismenn leggja fremur litla áherslu á landbúnað í ummælum á þingi og í viðtölum. Aðeins einn þingmaður tók til máls um þetta efni í umræðunum og í viðtölunum var mest áhersla á afnám tolla og afurðir beint frá býli.

4.3.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Aðeins einn Sjálfstæðismaður kom inn á landbúnað í umræðum á þingi 2009.

Einar K. Guðfinnsson gerir landbúnaðarmálin að umtalsefni í umræðum á þingi 2009. „Í skýrslu fyrrverandi hæstvirts utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar er sagt að tekjur sauðfjárbænda geti orðið svipaðar og núna en þá gleyma menn því að kjötmarkaðurinn yrði augljóslega í uppnámi vegna þess að tollarnir falla niður - það er grundvallaratriði - frá fyrsta degi. Um leið og samningurinn við okkur yrði samþykktur mundi tollverndin falla burtu

gagnvart Evrópusambandinu. Sama er varðandi mjólkina. Í þessari skýrslu segir einfaldlega: Tekjur bænda myndu lækka um helming. Tekjur í nautakjötsframleiðslu myndu lækka verulega. Svín, kjúklingur og egg – sú framleiðsla er nánast slegin af. Sagt er að íslenskur matvælaíðnaður muni eiga mjög undir högg að sækja enda má ekki gleyma því að það eru sögð vera ein mestu og helstu rökin fyrir því að ganga í Evrópusambandið, að lækka matvælaverð í landinu. Það gerist þá væntanlega ekki nema með því að verð til bænda lækkaði alveg eins og við vitum út frá reynslunni í Finnlandi þar sem verð til bænda lækkaði miklu meira en það gerði til neytanda af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja.“

(Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

4.3.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Hér á eftir eru rakin ummæli í viðtölum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins um landbúnað. Þeir eru meira á því að aflétta tollum heldur en að vernda íslenskan landbúnað fyrir erlendum innflutningi.

Mér finnst ekki eftirsóknarvert fyrir landbúnaðinn að ganga í Evrópusambandið. Við fengjum einhverskonar sér lausnir eða undanþágur en það myndi ekki veða upp þá stöðu sem við erum nú í að ráða okkur sjálf. (Viðmælandi 1)

Þessum viðmælanda finnst best að við ráðum okkur sjálf í landbúnaði en fleiri viðmælendur voru á því að aflétta þyrfti tollum og að það gætum við gert án þess að ganga í Evrópusambandið.

Mér finnst rétt að benda á að ef það kæmi til álita að við gengjum í Evrópusambandið þá yrði tollum aflétt. Ég bendi jafnframt á að við þurfum ekki að ganga í Evrópusambandið til að létta af tollum, við þurfum engan að spyrja að því, við erum einráð um að létta af tollum. Spurningin er þá af hverju höfum við ekki gert það. (Viðmælandi 2)

Ef til vill eru það byggðarsjónarmið sem eru þess valdandi að Íslendingar hafa ekki aflétt tollum af landbúnaðarvörum. Íslendingar hafa talið að sumt skipti máli fyrir byggð í landinu, í pólitískum tilgangi og ekki síður til að viðhalda byggð í landinu. Íslendingar hafa viljað

vernda framleiðslu lambakjöts. Viðmælandi 2 er engu að síður á þeirri skoðun að tollar séu hér alltof háir og að Íslendingar geti bara gert gangskör í því að breyta því.

Talandi um tolla af hvítu kjöti, hvað er verið að vernda? Þetta er eins og hver önnur iðnaðarframleiðsla. Ég er ekkert viss um að innlend framleiðsla myndi fara halloka þótt tollum væri aflétt því tilhneigingin er sú að kaupa íslenskt. (Viðmælandi 2)

Bændur hafa lagst mjög eindregið gegn þessu og það þyrfti að ná samkomulagi við þá. Landbúnaðarverkið okkar er bundið í reglugerðir og viðmælandi 2 vill sjá meira af því að geta keypt beint af býli. Það er mikill samhljómur með viðmælanda 2 og viðmælanda 5. Þau vilja bæði lækka tolla og geta keypt beint af býli.

Ég vil benda á það að landbúnaður á Íslandi geti sennilega fallið undir svipaðar undanþágur í heimskaotalandbúnaði eins og Svíþjóð og Finnland fengu. Þó sé ekkert víst að þær undanþágur henti íslenskum landbúnaði. (Viðmælandi 3)

Hann bendir á að íslenskur landbúnaður sé órofa háður innflutningi á aðföngum eins og til dæmis olíu. Fæðuöryggi þjóðarinnar grundvallist alltaf á innflutningi einhverra aðfanga og Íslendingar geti ekki staðið undir því alveg einir, það verði alltaf í samstarfi við aðrar þjóðir, á því byggji Ísland tilveru sína.

Ég vil nefna tvennt. Í fyrsta lagi er það innflutningur sem nú er lítið af vegna verndartolla. Í öðru lagi þurfi að velta fyrir sér hvers vegna landbúnaður hafi dregist svo mikið saman á Íslandi eins og raun ber vitni. Af hverju hefur búum fækkað og af hverju hafa þau stækkað. (Viðmælandi 5)

Þetta er mjög athyglisverður punktur inn í umræðuna. Af hverju eru sumar sýslur landsins að leggjast í eyði hvað varðar landbúnað? Og Íslendingar hafa ekki gengið í Evrópusambandið enn. Hverju getur þá verið um að kenna? Er það vegna þess að Íslendingar eru svo fáir og einingarnar svo smáar að þær geta ekki einu sinni framfleytt fjölskyldunum sem búa á jörðunum. Viðmælandi 5 segir að við eigum frábærar landbúnaðarafurðir og hún telji að landinn muni alltaf halda áfram að kaupa þær. Þar tekur hún undir með viðmælanda 2.

Þú kaupir innflutt klettasalat í poka og ef þú borðar það ekki um leið og þú ert búinn að opna pokann er það ónýtt. (Viðmælandi 5)

Henni finnst að við eigum að efla lífræna ræktun og það að geta keypt beint frá býli og tekur þar undir sjónarmið viðmælanda 2 sem vill líka geta keypt beint af býli. Viðmælandi 5 gerir sér grein fyrir að kjúklingabúskapur og svínabúskapur muni eiga erfitt uppdráttar ef við göngum í Evrópusambandið. Bændur á Íslandi vita hvað þeir hafa og það er ekki skrýtið að þeir óttist aukna samkeppni inn í landið. Viðmælanda 5 finnst að við eigum að hugsa hvað við getum kennt þeim í stað þess að hugsa um að þeir komi og gleypi okkur.

Ég vil bara minna á það sem fyrrum forystumenn flokksins hafa sagt á landsfundi að við þurfum ekkert Evrópusamband til að breyta okkar tollalöggjöf og útflutningslöggjöf. Ég tel mikilvægt að það sé frelsi í landbúnaði eins og á öðrum sviðum. Og það þarf ekki að koma niður á matvælaöryggi eða fæðuöryggi þjóðarinnar, það er bara fyrirsláttur, ég held að við getum alveg passað upp á þessa hluti eins og aðrar þjóðir. (Viðmælandi 6)

Og hún vill sjá miklu meira frelsi í innflutningi hér, það gengur ekki eins og í ostainnflutningi að það sé skammtað hér úr hnefa hvort neytendur mega kaupa hér franska osta eða einhverja aðra osta með tollum sem fara með pyngju alls venjulegs launafólks. Frelsi á að gilda.

Sjáðu bara með grænmetið; við opnuðum fyrir innflutning á öllu grænmeti og íslenska grænmetið jók markaðshlutdeild sína úr 80% í 90% vegna þess að Íslendingar vilja kaupa íslenskt. Þannig gengur þetta. Við eigum að treysta neytendum á þessum sviðum eins og öðrum sviðum. (Viðmælandi 6)

Þannig að Íslendingar geta alltaf tryggt þetta, íslenskir neytendur munu alltaf kaupa íslenska vöru. Þetta sjónarmið viðmælanda 6 er í takti við sjónarmið viðmælanda 2 og viðmælanda 5. Að íslensk vara sé meira en samkeppnishæf á grundvelli gæða. Útflutningur á ostum er líka að aukast.

Bara opna fyrir þetta og styrkja þá bændur með öðru móti. Til dæmis styrkja grænmetisbændur með því að lækka raforkuverð til þeirra. (Viðmælandi 6)

Viðmælandi 7 er ekki mjög bjartsýnn og eru viðhorf hans í takti við viðmælanda 1.

Við göngum í ESB en ESB gengur ekki í smærri ríki. Þannig að meginstofni þarf Ísland að laga sig að regluverki ESB, spurningin er bara sú hversu langan tíma hefur þú til þess.(Viðmælandi 7)

Við munum þurfa að laga okkur að landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins eins og viðmælandi 3 bendir á, ekki er öruggt að það muni henta landbúnaði á Íslandi.

4.4.GJALDMIÐILL

Umræðan um að skipta um gjaldmiðil kom inn í umræðuna af nýjum krafti eftir bankahrunið 2008. Þess sér stað í umræðum á Alþingi og í ummælum þingmanna 2012. Þó kveður við nýjan tón 2012 þegar evran, sem helst var litið til, er komin í djúpa kreppu.

4.4.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Þrír af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fjölluðu um stöðu gjaldmiðilsins í umræðum á Alþingi 2009.

Bjarni Benediktsson nefnir tvær ástæður í umræðunum fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi að nýju farið yfir hagsmunamat sitt á landsfundi. „Það eru breyttar pólitískar aðstæður, til að mynda eftir brotthvarf varnarliðsins, og það er sannarlega gjaldmiðillinn. Sannarlega hefur hann verið okkur til vandræða og ég hef margoft sagt að til lengri tíma kunni hann að reynast okkur fjötur um fót.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Pétur Blöndal sér kosti við krónuna. „Ég sé fullt af tækifærum fyrir Íslendinga í stöðunni eins og hún er núna. Það er nefnilega þannig að Ísland ólíkt öðrum löndum sem hafa lent í vandræðum hefur óvenjusterkan útflutning og hann styrkist með hverjum deginum vegna þess að við erum með krónu sem hjálpar honum. Ef við værum með evru þá myndum við lenda í nákvæmlega sömu vandamálum og Írar og fleiri sem eru í Evrópusambandinu og eru með evru og sjá enga lausn á sínum vanda vegna þess að þeir sjá ekkert annað en gjaldþrot í

staðinn fyrir að fella gengið á viðkomandi mynt.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Einar K. Guðfinnsson gerir vanda gjaldmiðilsins að umræðuefni í umræðum á Alþingi. „Ástæðan fyrir því að þessi umræða kviknar nú af meira þrótti en áður er mjög einföld; við erum í vandræðum með gjaldmiðilinn okkar. Það hrun sem varð hér í efnahagsmálum síðastliðið haust gerði það að verkum að menn fóru að velta fyrir sér hvort það gæti verið lausn á þeim vanda að ganga inn í Evrópusambandið með það í huga að taka upp evruna. Það er drifkrafturinn á bak við þá umræðu sem nú á sér stað.“ (Alþingistíðindi, 2009, 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu).

4.4.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Ummæli þingmanna Sjálfstæðisflokksins í viðtölum sumarið 2012 bera þess vitni að líttill áhugi er nú á að taka upp evru sem er í djúpri kreppu, hún er ekki séð sem lausn á gjaldmiðilsvanda okkar lengur.

Ég tel að óumdeilanlega hafi evran verið eldsneytið í Evrópusambandssumræðunni hér í aðdraganda síðustu kosninga. Og þær miklu sveiflur á íslensku krónunni sem hafa verið undanfarin ár sérstaklega á fyrsta áratugi þessarar aldar með miklu gengisfalli 2001 og 2006 og síðan aftur 2008 að þá var ekki við öðru að búast en margir í atvinnulífinu og síðan heimilin út af verðbólguáhrifum þessarar gengissveiflu myndu vilja skoða forsendur okkar eigins gjaldmiðils og skoða kosti og galla þess að taka upp evruna eftir inngöngu í Evrópusambandið. (Viðmælandi 1)

Og viðmælanda 1 finnst alveg eðlilegt að það skuli hafa verið horft til evrunnar þar sem hún er sameiginleg mynt innri markaðarins og við erum fullir þáttakendur á innri markaðnum. Ástæðan fyrir því að eftir 2008 var það ekki bara atvinnulífið sem var orðið þreytt heldur líka heimilin er sú að að þessu sinni gekk gengisfallið ekki til baka. En það gekk til baka árið 2001 og árið 2006 og atvinnulífið varð fyrir óþægindum tímabundið, það kom stutt verðbóluskot sem heimilin þurftu að glíma við en síðan lagaðist það. En eftir 2008 þá voru svo mörg heimili komin með erlend lán og verðbóluskotið var ekki skot heldur verðbólguþylgja sem hafði áhrif á skuldsetningu allra sem voru með krónulán og rústaði forsendum þeirra sem voru

með gengistryggð lán. En síðan árið 2009 er evran komin í meiriháttar vandræði og hlutir hafa gerst á evrusvæðinu sem var mjög erfitt að sjá fyrir á þeim tíma en hafa smám saman verið að koma upp á yfirborðið. Að stórum hluta eru þessi mál fórnarkostnaður fyrir viðkomandi ríki fyrir það að halda sig við evruna vegna þess að þessi ríki hafa þurft að taka sveifluna sem er að eiga sér stað í efnahagskerfi þeirra út í gegnum vinnumarkaðinn en gera það ekki gegnum myntina. Og viðmælandi 1 er þeirrar skoðunar að sársaukinn sem fylgir því að taka þetta út í gegnum vinnumarkaðinn geti verið slíkur fyrir þessi einstöku ríki að það sé óframkvæmanlegt og það geti aldrei tekist lýðræðisleg sátt um að fara þessa leið.

Í öllu falli er ljóst að allir aðilar myntsamstarfsins hafa núna gert sér grein fyrir því að hvað sem verður um evruna til skamms tíma litið að til lengri tíma litið verður ekki hægt að halda evru samstarfinu áfram á óbreyttum forsendum heldur verður að framselja stórauðnu mæli völd til miðstýringarafls í Brussel til þess að setja opinberum fjármálum einstakra ríkja þrengri skorður. Setja reglur um hámarks halla á fjárlögum, hámarks verðbólgu, vexti og aðra þætti sem hingað til hafa verið lauslega bundnir inn í Maastricht skilyrðin en nú verður gerð krafa um að menn ýmist bindi í stjórnarskrá eða lögfesti með álíka áhrifamiklum hætti. Í þessu felst slíkt framsal fullveldis að í mínum huga er það risastór ákvörðun að taka. (Viðmælandi 1)

Og viðmælandi 1 telur að það hefði verið erfitt fyrir þessi ríki að fá þegna sína til að samþykkja slíkt ef það hefði verið vitað í upphafi að evru samstarfið myndi leiða til þess að menn þyrftu að fara inn á þessa braut. Í Svíþjóð hefur aldrei verið meiri andstaða við upptöku evrunnar en er í dag. Þannig að að svo miklu leyti sem evran var eldsneyti í umræðunni 2008 og kannski 2009 fyrir kosningar þá hafa aðstæður breyst mjög til hins verra fyrir evrusamstarfið í millitíðinni og við á sama tíma upplifað hvað það getur verið mikils virði fyrir atvinnuástandið í landinu að geta búið við eigin gjaldmiðil. Af þessum sökum telur viðmælandi 1 að eitt helsta vopn þeirra sem hafa talað fyrir inngögnu Íslands í Evrópusambandið, evran, sé einfaldlega fallið úr höndum þeirra í millitíðinni.

Mér finnst að oft sé verið að leita að einhverjum skyndilausnum í gjaldmiðilsmálum. Og það eru haldnar ráðstefnur hér um hvort ekki sé rétt að taka bara upp kanadíska dollaran eða ameríska dollaran, hvort við getum ekki bara innleitt einhverja aðra

mynt eða gengið í Evrópusambandið og tekið upp evruna. Það myndi leysa einhvern vanda fyrir okkur. (Viðmælandi 1)

Og viðmælandi 1 talaði reyndar sjálfur fyrir því fyrir síðustu kosningar að við skyldum nota tímamann í samstarfi við Alþjóða gjaldeyrissjóðin til að eiga þann valkost að geta tekið einhliða upp aðra mynt að samstarfinu loknu.

Þetta getur verið mjög spennandi að gera, að máta sig inn í nýjan efnahagslegan veruleika með aðra mynt og almennt gera menn það þannig að þeir gefa sér að flestir hlutir séu bara komnir í lag. Að við séum með atvinnuástand sem sé í lagi, að skuldir heimila og atvinnulífs séu hóflegar og opinber fjármál í góðu jafnvægi og sjá svo fyrir sér hvernig það myndi þróast fram í tíman séð. Staðreynd málsins er hins vegar sú að við eigum engan valkost með að taka upp nýjan gjaldmiðil nema koma okkur fyrst í ásættanlega stöðu. En í fyrra því miður vorum við með 90 milljarða halla á Ríkissjóði, hér hefur verðbólga verið of há, vextir of háir og skuldastaða ríkissjóðs hefur vaxið þannig að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Og ef við berum okkur saman við evruríkin sem við vorum búin að nefna og spyrjum hvað við höfum lært af vandræðum þeirra. Hvaða lærdóm erum við búin að draga af falli krónunnar, hruni hennar og áhrifum á þjóðarbúskapin svona í víðu samhengi, fyrir heimilin, atvinnulífið og Ríki og til hvaða ráðstafana höfum við gripið til að forða því að þetta geti gerst aftur. Þá held ég að það verði tiltölulega fátt um svör. (Viðmælandi 1)

Hér má segja að á tímabili hafi viðmælandi 1 sjálfur verið að gefa sér þær efnahagslegu forsendur sem hann ræðir um því hann var á því að við ættum að taka upp nýja mynt á sínum tíma. En Íslendingar eru bara ekki komnir í þá stöðu að þeir geti tekið upp nýjan gjaldmiðil. Evrópusambandið hefur tekið mjög markvissti á sínum málum meðan hér á Íslandi hafa menn viljað hafa lausar hendur um hvernig menn hegðuðu sér frá einum tíma til annars.

Ég sé enga nýja valkosti í gjaldmiðilsmálum ef við ætlum að halda áfram að reka ríkissjóð með halla og sýna engan vilja til að samþætta aðgerðir ríkis og sveitarfélaga við það sem er að gerast í Seðlabankanum. Ef við höfum ekki lært að það er ekki hægt að eyða um efni fram og vonast til þess að hlutirnir lagist síðar, safna upp lífeyrisskuldbindingum án þess að taka á því strax. Og neitum að horfast í augu við

hallan á fjárlögum. Þá munum við áfram ekki eiga neinn valkost nema vera með krónu sem leiðir til hás vaxtastigs á Íslandi og viðvarandi verðbólgu. (Viðmælandi 1)

Og viðmælandi 1 heldur áfram: ef við Íslendingar hinsvegar beitum okkur þeim aga sem þarf í opinberum fjármálum, setjum okkur ströng viðmið, leiðum í lög og jafnvel í stjórnarskrár þök á fjárlagahallan og náum þverpólítískri samstöðu um að hlutverk stjórnvalda og þingsins sé að ná ákveðnum meginmarkmiðum hverju sinni þá mun ekki bara okkar eigin gjaldmiðill gagnast okkur miklu betur heldur munu opnast valkostir til að taka upp aðrar myntir ef okkur sýnist svo í framtíðinni. En viðmælandi 1 heldur að það sé óraunhæft næstu árin meðan við erum í gjaldeyrishöftum.

Ég tel að staða gjaldmiðilsins í Evrópusambandinu sé með þeim hætti að þar sé veruleg vá fyrir dyrum. Ég vona svo sannarlega að Evrópusambandið muni ná tökum á því sem þar er á ferðinni. (Viðmælandi 2)

Það skiptir máli fyrir Íslendinga að Evrópusambandinu vegni vel vegna þess að þar eru mikilvægir markaðir. Viðmælandi 2 viðurkennir að krónan hafi verið sveiflukennnd. Hún hafi sveiflast óeðlilega mikið og verið okkur á tíðum erfið. En viðmælandi 2 bendir á að gjaldmiðlar sveiflist alltaf, ekki bara krónan. Viðmælandi 2 telur að um fyrirsjáanlega framtíð munum við hafa krónuna, það sé engin annar valkostur í stöðunni. Viðmælandi 2 telur að við höfum hér gert mikil mistök við hagstjórn á undanförunum árum, að við höfum ekki gætt nógu vel að samspili ríkisfjármála og peningastjórnunar. Ríkið hefur oft á tíðum þanist út meðan Seðlabankinn hefur verið að reyna að ná tökum sín megin. Og þetta hefur ekki spilað saman. Sá kostur sem viðmælandi 2 sér í gjaldmiðilsmálum er að halda krónunni með mjög stífri hagstjórn.

Við Íslendingar þurfum að tileinka okkur miklu meiri aga í peningamálum, við sjáum bara hvernig við erum sem þjóð. Við eigum mjög erfitt með að plana til lengri tíma, íslensk heimili eru alltof skuldsett og voru búin að vera það löngu fyrir hrun. Við þurfum að læra meira af Þjóðverjum, þeir eru mun agaðri, Svíar og Danir líka. Á Íslandi er viðkvæðið bara að allt reddist. (Viðmælandi 2)

Ég er þeirrar skoðunar að krónan með sínum kostum og göllum hafi komið þjóðinni þangað sem hún er. Ég er samt hugsandi yfir þeim spámönnum sem rísa upp og vilja taka upp evru, norska krónu, kanadískan dollar eða bara eitthvað annað. Þá finnst mér oft á tíðum vanta umræðuna um það af hverju við þurfum krónuna eða Seðlabankann. Af hverju látum við ekki bara almenning ráða því í hvaða mynt hann höndlar. (Viðmælandi 3)

Er einhver þörf á krónunni, þarf ekki að ræða það líka. Viðmælandi 3 er líka, sem hluti almennings, mjög ruglaður í því sem verið er að halda að okkur í umræðum um annan gjaldmiðil eða í hagfræði. Honum finnst tilgáturarnar vera settar fram af fræðimönnum í þeim tilgangi að heilla íslensku þjóðina og það finnst honum ekki traustvekjandi. Meðan við höfum ekki sameiginlega sýn til nýs gjaldmiðils þá heldur viðmælandi 3 að við verðum áfram með krónuna.

Það er hins vegar alveg ljóst að þessi höft sem núna eru á gjaldeyrisviðskiptum við útlönd eru til stórskaða fyrir okkur. Bitna á öllu og öllum. Þetta eru tilraunir stjórnvalda til að hemja gjaldeyriseyðsluna á þjóðinni og þær stefna allar í að þrengja meira og meira að frjálsum viðskiptum og það er slæmt. (Viðmælandi 3)

Viðmælandi 4 tekur undir og deilir viðhorfum viðmælanda 2 þegar kemur að lyndiseinkunn Íslendinga.

Ég tel að vandamálið hér á Íslandi sé ekki gjaldmiðillinn heldur hvað við erum óvarkár og agalaus í fjármálum. Ég tel að maður eigi að taka lán fyrir tvennu, það er íbúðarlán og námslán. Hvor tveggja er fjárfesting fyrir lífið. Íbúðin endist nokkurn veginn mannsævi og námið endist meðan hausin helst í lagi, heilabúið, þannig að nám er líka fjárfesting fyrir alla ævina. En með því að taka upp nýja mynt hvort sem það er amerískur dollari, kanadadollari, norsk króna eða evra eða hvað það nú er þá kemur agi. Um leið og við tökum upp aðra mynt að þá er ekkert elsku mamma ef illa gengur og menn eru búnir að kaupa of marga bíla eða einhverja aðra bölvada vitleysu, þá verða menn að borga, það verður ekki hægt að festa gengið eins og við gerðum, það

verður bara að borga. Það þarf að verða hugarfarsbreyting ef menn ætla að breyta um mynt. (Viðmælandi 4)

Og ef það verður hugarfarsbreyting þá þurfum við ekki að skipta um mynt. Það vakti athygli mína að viðmælandi 4 talaði lítið um erfiðleika Evrunnar og skar sig þannig úr hópi viðmælenda minna.

Ég viðurkenni að við atkvæðagreiðsluna 2009 þegar ég sagði já við aðildarviðræðum hafi evran verið mér ofarlega í huga. En nú á evran í erfiðleikum, það er evrukrísa í Evrópu. Þau lönd í Evrópu sem verst standa hafa staðið svo illa að ríkisfjármálum og inn í þau lönd hefur líka flætt ógrynni af ódýru lánsfjármagni líkt og gerðist hérlendis, allir eyddu um efni fram. Ég er ekki jafn skotin í evrunni og ég var 2009. Ég vil samt ekki þurfa að búa við gjaldeyrishöft næstu 50 árin. En þá verðum við að hafa kjark til að breyta um peningastefnu. Við verðum að horfa til þess að hér á landi geti verið áþekkir húsnæðisvextir og í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Við verðum að taka verðtrygginguna af í sátt við aðra, þú tekur ekki bara verðtrygginguna af og rústar öllu sparifé. (Viðmælandi 5)

Það er hvergi í heiminum verðtrygging nema á Íslandi. Viðmælandi 5 spyr: „Af hverju er hún hér?“ Og viðmælandi 5 svarar sjálfur. „Það hefur engin viljað svara því. Var það vegna þess að krónan var svo slök. Er það rétti póllinn að tryggja fjármagnseigendur en níðast á lántakendum.“ Til standa málaferli til að ganga úr skugga um réttmæti verðtryggingar og verður athyglisvert að sjá niðurstöðuna í því dómsmáli.

Við verðum að tryggja að krónan virki þannig að bæði fjármagnseigendur og lántakendur geti vel við unað. Danir tengja dönsku krónuna við evruna og eru með einhver 2-3% frávik. Ég tel að við þyrftum að gera eitthvað með þessum hætti. Hvort sem við förum í Evrópusambandið eður ei þá þyrftum við að fara í þennan leiðangur. (Viðmælandi 5)

Viðmælandi 5 vill breytingar en viðmælandi 6 tekur dýpra í árinna og vill taka upp nýjan gjaldmiðil.

Að mínu viti þá blasir það við að við þurfum að taka upp nýjan gjaldmiðil. Meðan við erum í umsóknarferlinu þá sé eðlilegast að líta til evrunnar en við eigum líka að skoða aðra kosti og vera við Sjálfstæðismenn samkvæmir sjálfum okkur og hafa sem flesta valkosti. Ef menn eru að tala um einhliða upptöku kanadadollars sem hún heldur að sé ekki fýsileg en ef hagfræðingar geta sýnt fram á að það sé áhættulítið fyrir Ísland þá sé sjálfsagt að skoða það. (Viðmælandi 6)

Viðmælandi 7 líkt og viðmælandi 1 hafði gælt við upptöku Evru eftir hrún.

Ég leit svo á haustið 2008 að það væri óábyrgt að útiloka þann möguleika að taka upp evru í ljósi þeirra aðstæðna sem voru uppi í íslensku efnahagslífi og það spurningarmerki sem mátti setja upp við hina íslensku mynt, það er að segja krónuna í þessum höftum sem ríkisstjórnin hefur sett á. Það er ekkert samfélag sem getur blómstrað til lengri tíma ef ástandið á myntinni er þannig að hún sé bara brúkleg innanlands, hún sé ekki brúkleg erlendis. Skortur á mynt og höft á henni leiða að endingu til almennra hafta, það endar þar. (Viðmælandi 7)

Og viðmælandi 7 heldur áfram og segir:

Þá kemur upp þessi stóra spurning sem er orðin svo áberandi núna. Bæði í sambandi við evru og krónu. Menn hafa nú í sívaxandi mæli þurft að horfast í augu við ákveðna staðreynd sem er sú að myntbandalög sem að ekki byggja á pólitískri einingu ýmist brotna upp eða verða að engu. Sagan sýnir pólitískar einingar sem hafa brotnað upp og þar með hafa myntirnar sem þær áttu sameiginlegar brotnað upp líka. Þetta er vandi Evruríkjanna. Það er búið að búa til sameiginlega peningamálastjórnun en það er ekki sameiginleg ríkisfjármálastjórnun. Þess vegna eru Evruríkin í ofboðslega miklum erfiðleikum. (Viðmælandi 7)

Viðmælandi 7 hefur þá trú að við munum byggja hér á krónunni. Hún er ekki gallalaus, hún hefur líka ákveðna kosti. En til þess að taka upp evru þá þarftu að fara í Evrópusambandið og það eru margir þættir sem eru þess valdandi að viðmælandi 7 sér ekki að það sé fýsilegt að taka það skref og hann telur engar líkur á að það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gjaldmiðillinn, gagnsemi hans endurspeglast í kaupmætti almennings.

Stundum heyrir maður í samræðum hversu mikið verðgildi íslensku krónunnar hafi rýrnað gagnvart dönsku krónunni, um 98% frá því hún var tekin upp. En dollarinn hefur misst 98% frá því hann var tekin af gullinu. (Viðmælandi 7)

Og spurningin er kanski á hvaða grunni verður krónan. Viðmælandi 7 heldur að hún verði ekki á grunni þess verðbólguþröskuldrags sem nú er. Viðmælandi 7 er þeirrar skoðunar að grunnakkeri peningamálastefnunnar þurfi að vera annað.

Við erum í vanda, við erum að prenta peninga, búa til mynt og gildi þeirra ræðst af því að við trúum að þeir hafi eitthvað gildi. Og áður fyrr þá bjuggu menn til trúna með því að segja ég er með þessa upphæð af peningum og ég get farið eftir ár og fengið samsvarandi upphæð í gulli eða silfri. Og 1973 þá fórum við af gullfætinum og við höfum verið í svokölluðu FITAT kerfi, pappírspeningakerfi síðan. Og þetta svokallaða verðbólguþröskuldrag var fyrst kynnt í Seðlabankanum 1990 og var hugsunin sú að í staðinn fyrir að þú gæti fengið gull þá gefur Seðlabankinn bara loford um það að peningaseðillinn muni ekki rýrna um verðgildi nema ákveðið hlutfall, segjum 3% sem væri þá verðbólguþröskuldragið. Þú færð peningaseðil og bankinn lofar að hann muni beita vöxtunum þannig að þú getir keypt vöru og þjónustu fyrir 97% af verðgildi hans eins og hann var þegar þú fékkst hann. Það er þetta verðbólguþröskuldragið. Það kemur í staðinn fyrir gullið, þetta loford. Vandinn er sá ef að nógu margir trúu lofordinu þá virka hinar svokölluðu verðbólguvæntingar þannig að ef allir trúu að verðbólgan verði lág þá verður hún það. En ef engin trúir að Seðlabankinn geti staðið við þetta loford og allir trúu því að þetta muni ekki ganga upp þá er vandi á ferð. Það er vandi okkar búinn að vera varðandi þetta verðbólguþröskuldragið, við höfum ekki þá trú að Seðlabankinn standist verðbólguþröskuldragið. (Viðmælandi 7)

Viðmælandi 7 telur líklegra og farsælla að við færum okkur meira í áttina til Bandaríkjanna sem lítur líka til atvinnustigsins og jafnvel þjóðarframleiðslu að nafnvirði. Og Ísland mun alltaf þurfa að horfa á gengið. Hægt er að nota atvinnustigið sem svona staðgengil fyrir þjóðarframleiðsluna en gengið þarf alltaf að taka með. Að þessi þrjú markmið þurfi að vera til grundvallar ásamt einhverjum þjóðarvarúðartækjum til að koma í veg fyrir mikið og of hratt innflæði erlends fjármagns. Ef vaxtamunur milli annara ríkja og Íslands verður svo mikill að

menn byrja að reyna að nýta sér það. Viðmælandi 7 heldur að menn þurfi að hugsa slíka peningamálastefnu.

4.5. ÞRÓUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Þróun Evrópusambandsins kom eiginlega ný inn í þá þætti sem venjulega eru taldir hafa áhrif í umræðum um aðild að Evrópusambandinu. Og þessi þáttur kemur inn af miklum krafti í ummælum viðmælenda sumarið 2012.

4.5.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Pétur Blöndal var eini þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem kom inn á þróun Evrópusambandsins í umræðum á Alþingi 2009.

Pétur Blöndal hafði áhyggjur af þróun Evrópusambandsins og lýsti þeim strax yfir sem fyrstu ástæðu við andstöðu við tillöguna í ummælum sínum í umræðunum á Alþingi

„Síðan vil ég spyrja ráðherra að því hvernig hann sér Evrópusambandið eftir 50-100 ár. Nú eru breytingar í gangi. Það er verið að tala um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. [...] Þetta er í stöðugri breytingu og hefur verið það í 60 ár og sú breyting stoppar ekki við það að Íslendingar gangi þarna inn.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Hann heldur áfram og spáir þróun í átt til sambandsríkis.

„Við þurfum að gæta að því við svona stóra ákvörðun hvernig íslensku þjóðinni vegnar í Evrópusambandinu eftir 50 eða 100 ár þegar sambandið er orðið pikkfast ríki eins og Bandaríki Norður-Ameríku.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

4.5.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Þróun Evrópusambandsins er ofarlega í hugum viðmælenda minna. Engum þeirra hugnast þróun Evrópusambandsins í áttina til Sambandsríkis.

Ég set það fyrir mig að Evrópusambandið er að þróast í átt að sambandsríki. Og það er að gerast þessi misserin hraðar en margir hefðu áætlað út af myntsamstarfinu. Og ég hef fundið mjög fyrir því hjá systurflokkum Sjálfstæðisflokksins í norrænu samstarfi og evrópsku samstarfi, að almennt er forysta þeirra flokka á þeirri skoðun að Evrópusambandið þurfi að þróast í átt að sambandsríki þar sem að stórar ákvarðanir um til dæmis ríkisfjármál einstakra ríkja, grundvöllur þeirra og rammi, er tekin á hinum sameiginlega vettvangi í Brussel. Og þetta mun kosta meira og meira valdaframsal til Brussel. (Viðmælandi 1)

Viðmælandi 2 segir að engin geti séð fyrir hvernig mál þróist í Evrópusambandinu.

Við vitum að það er gríðarlegt áhyggjuefni fyrir Evrópusambandið og alla okkar markaði ef Spánn lendir í þeim ógöngum sem spáð er. Ef það þarf að bjarga þeim, það er gríðarlegt högg fyrir þau ríki sem þurfa að borga reikninginn. Þannig að það er viss ögurstund núna er varðar evrusamstarfið og það smitast auðvitað út í allt Evrópusambandskefið. Og það kann að vera að það sé rétt hjá þeim sem hafa verið að benda á að það sé þannig að sambandið hafi vaxið of hratt til austurs og til suðurs. Þjóðirnar séu svo ólíkar að erfitt sé að samræma það. Fyrir okkur þá verðum við auðvitað að vona að þetta verði ekki mikið verra en það er því kreppan er bara að dýpka og hún lendir hér líka. Ef kreppan hjá Evrópusambandinu verður mjög djúp þá munum við finna hressilega fyrir því. (Viðmælandi 2)

Viðmælandi 2 er á því að Evrópusambandið sé að þróast í átt að sambandsríki. Og það var gagnrýnt þegar Evran var sett á laggirnar að hún skyldi vera svona pólitísk niðurstaða, en ríkin treystu sér ekki til að fara í þá samþættingu sem þurfti. Þess þurfti til að vera með sameiginlegan gjaldmiðil þarf sameiginlega stjórn á peningamálum. Viðmælandi 2 er þeirrar skoðunar að ef að á að bjarga evrunni til lengri tíma þurfi Evrópusambandið að þróast í átt að sambandsríki. Til þess sé mikill vilji meðal þeirra sem vilja sjá framtíð með evru en önnur ríki sem vilji lausbundnara samband séu á móti. Bretar hafa verið töluvert erfiðir og munu verða það áfram. Þetta er bara svo ofboðslega kvíkt núna að það getur engin spá fyrir hvað verður. Viðmælandi 2 heldur að það ráðist mikið af því hvernig fer með Spán. Spánn skiptir gríðarlegu miklu máli því það er svo stórt hagkerfi á svæðinu.

Viðmælandi 3 hugnast þróun Evrópusambandsins ekki nógu vel fyrir Ísland.

Við verðum eins og krækiber í helvíti í þessu samstarfi þjóða. Það er alltaf verið að benda á að með aðild þá fáum við aðgang að þessu samningaborði og ég er ekkert að mótmæla því, við munum örugglega fá það. Veruleikinn er hins vegar sá hvort sem við erum að tala um bandalag þjóðanna eða dýraríkið, þá er það alltaf sá stærsti og sterkasti sem óneitanlega hefur mestu áhrifin og völdin. (Viðmælandi 3)

Og ekki þarf annað en horfa á hvernig Þýskaland og Frakkland hafa spilað saman og stundum sundur í þessum átökum sem hafa verið á evru svæðinu á undanförunum misserum og á undanförunum tveim til þrem árum. Að sjá hvernig önnur ríki verða bara að laga sig að þeim veruleika.

Þegar maður lítur á þróun Evrópusambandsins þá hafi hún verið gífurlega hröð, síðustu þrjú árin eftir að aðildarviðræðurnar fóru í gang þá hefur þróunin orðið mun hraðari en ég átti von á. Það koma alltaf upp einhverjar krísur og krísur leiða til ráðstafana, hvort sem það er hryðjuverkaógn eða peningastjórnun og nú er það skuldavandi Grikkja og annað slíkt. Í hvert skipti sem kemur upp ógn er hert á reglunum. Evrópusambandið þróast nú í átt til ríkis og þá eru aðgerðirnar sem verið er að gera með forgöngu Merkel mjög veigamiklar, afdrifaríkarog mjög sterkar í því að taka upp fjármálasamvinnu milli ríkjanna sem þýðir að þau missa stóran hluta af sjálfstæði sínu. (Viðmælandi 4)

Í ummælum viðmælanda 5 kemur fram að í þýskum fjölmiðlum er mikið rætt um fullveldisafsal Þýskalands og stjórnlagadómstóllinn í Þýskalandi hefur varað við því og stungið við hæl. Og það er spurning hvort hann muni samþykkja þessa ráðstöfun sem nú á að samþykkja á næstu mánuðum. Björgunarhringinn mikla eða skerminn. Áður hafði Evrópusambandið tekið að sér efnahagslega samvinnu síðan utanríkismál þannig að ríkin geta ekki gert samninga eins og við Kína, eins og Ísland hefur gert, þannig að ef við gengjum inn þá myndum við allavega afsala okkur þeim rétti að semja við önnur ríki. Danir geta til dæmis ekki gert það, þeir geta ekki samið við Kína um hliðranir en á móti má segja að Evrópusambandið veiti þessa þjónustu. Nú hefur Evrópusambandið náð þessum markmiðum en í staðinn hefur það fórnað fullveldi einstakra ríkja. Þetta var upphaflega hugsað sem

lauslegt samband sjálfstæðra ríkja en með sameiginlega mynt, evruna, sem átti að gera liprari öll samskipti innan sambandins, sameiginlegt þing, Evrópuþingið, sameiginlegan dómstóll, vísi að sameiginlegum her, sameiginlega utanríkisstefnu og sitt hvað fleira, sem eru einmitt atriði sem prýða eitt ríki.

Þannig að mér sýnist að samkvæmt þessari skilgreiningu sé Evrópusambandið þegar orðið að sambandsríki en ekki lauslegt samband sjálfstæðra ríkja. Þannig að ríkin eru nú þegar komin í þá stöðu að vera einskonar fylki eins og í Bandaríkjunum. Það eru komnir sameiginlegir skattar í Evrópu með þessum sjóðum og gjöldum, menn eru að borga í sameiginlegt niðurgreiðslukerfi og sameiginleg vísindasjóðskerfi og hvað þetta nú allt heitir þannig að Evrópusambandið er að breytast í ríki. (Viðmælandi 4)

Viðmælandi 4 deilir á lýðræðishallan og segir: Nú síðan gerast mjög einkennilegir hlutir eins og á síðasta hálfu til heila ári með evrukrisuvandamálunum og Grikklandskrísunni því þá kemur það fram að það eru í raun Þjóðverjar sem stýra þessu öllu saman ásamt Frökkum og eru burðarásarnir í samstarfinu.

Evrópusambandið er samband 27 ríkja og svo eru það Evru landið sem er 17 ríki. Evru landið hefur miklu meiri vandamál út af sameiginlegri mynt og mismunandi þróun á Ítalíu og Grikklandi annars vegar og Þýskalandi hins vegar. Það var bent á þetta á sínum tíma þegar evran var tekin upp. Löndin væru ekki sambærileg og þetta þekkja menn frá Bandaríkjunum þar sem alríkisstjórnin þarf stöðugt að vera styrkja ákveðin svæði og skattleggja önnur vegna þess að þróunin er bara svo mismunandi í svo stóru ríki. Þetta er einkenni á stórum ríkjum. Varðandi verðbólguþróun í löndum þá getur 1-2% munur orðið alveg gífurlegur munur á 10 árum. Þannig að allt fer úr skorðum og þetta hafa menn verið að leysa, Merkel og Sarkozy og nú Merkel og Holland. Og það er dálítið merkilegt þegar það er notað Íslendingar muni hafa áhrif við inngöngu að jafnvel Finnar, Hollendingar og Bretar kvarta undan því að þeir hafi ekki fengið að koma að ákvörðunum sem þessi tvö tóku. Þannig að mér finnst Evrópusambandið vera að þróast í átt að sambandsríki með verulegum lýðræðishalla. (Viðmælandi 4)

Viðmælandi 5 veltir fyrir sér því ástandi sem er í Evrópusambandinu. Þegar hún sagði já við að fara inn í Evrópusambandið var það Evrópusamband þess tíma. Síðan hefur margt gengið á og henni finnst svolítið skrítið að í þeirri krísu sem ríður yfir Evrópu þá eru það leiðtogar tveggja þjóða, Frakka og Þjóðverja og oft kemur leiðtogi Bretlands þar inn og þeir leiðtogar eru að ræða um hvernig Evrópa eigi að bregðast við því ástandi sem er í Evrópu.

Og þá spyr ég hvar er stjórn Evrópusambandsins. Hvar eru þeir sem ráða þar för, af hverju eru þeir ekki að taka á þessu verkefni sem blasir við. Þegar ég var að samþykkja aðildarviðræður við Evrópusambandið var ég ekki að samþykkja viðræður við Bandaríki Evrópu. Og það var viðtal við virtan þýskan ráðherra í blöðunum um daginn þar sem hann segir að það sé alveg ljóst í hans huga að Evrópusambandið sé að breytast í Bandaríki Evrópu. Og það þýði að fjárlög hvers ríkis verði lögð fram í sátt og samlyndi í Bandaríkjunum Evrópu. (Viðmælandi 5)

Nú óttast viðmælandi 5 að þessi virti ráðherra hafi lög að mæla og við séum að sigla inn í Bandaríki Evrópu en ekki Evrópusambandið eins og það leit út 2009. Það er í hennar huga tvennt ólíkt.

Ísland stendur frammi fyrir þeirri spurningu, að því gefnu að það takist að láta evruna lifa, sem ég ætla innilega að vona, og ég er ekki bara að hugsa um krísuna núna heldur komandi krísur, þá verður að búa til allt að Bandaríki Evrópu. Og fyrir Ísland að ganga inn í það verður allt annað mál heldur en að ganga inn í það ESB sem er nú. Og ég tel að það sé með engum hætti aðgengilegt fyrir Ísland þannig að við virkum sem þjóð að við framseljum þetta stóran hluta af fullveldi okkar, sem sagt yfir ríkisfjármálum. (Viðmælandi 7)

Viðmælandi 7 telur algerlega nauðsynlegt að við förum sjálf með vald yfir okkar ríkisfjármálum og að við myndum fljótt sjá afleiðingar þess að hér væru teknar ákvarðanir fyrir okkur í Brussel. Vandinn í Evrópu er að það er mjög erfitt að leiða fram merkingabæra kosningu um hið sameiginlega vald. Tungumál milli landa eru mismunandi og íbúar Evrópusambandsins skilgreina sig ekki sem Evrópubúa. Þetta er allt annað en í Bandaríkjunum. Skortur á þessari sameiginlegu sjálfsmynd gerir kosningar erfiðar að mati viðmælanda 7.

Þess vegna er erfitt að tengja saman meðferð valdsins í merkingarbærum kosningum annars vegar og kjósendur hins vegar. Þetta er svo erfitt að ég hef áhyggjur af því að þetta sé ómögulegt. Tungumálin, sagan og ólík menning gera það að verkum að menn ná ekki að tengja sig saman eins og evran í raun og veru krefst. Almennin hugsar á þjóðernisbrautinni meðan stjórnámálamennirnir hafa vísir að samevrópskri sjálfsmynd. Þetta sést sem almennt vaxandi þjóðernishyggja. (Viðmælandi 7)

Við sjáum þetta gerast í kjölfarið á krísum segir viðmælandi 7. Það eru eðlileg viðbrögð almennings að menn hugsa fyrst um sig og þjóðernishyggja vex samfara. Á sama tíma er aukin sambandsríkjahyggja eina lausn evrunnar. Viðmælandi 7 segir að stjórnámálamenn geti ekki farið með það prógramm til kjósenda. Þess vegna er verið að reyna að finna tæknilegar lausnir á vanda eins og að mynda sjóð til að koma á fjármálastöðugleika. Þetta eru tæknilegar lausnir á vanda sem er ekki tæknilegs eðlis. Og þess vegna leysa framámenn ekki vandann, þeir geta það ekki. Í þessu er auðvitað vandi evrunnar fólgin að mati viðmælanda 7.

Hugsaðu þér að við værum komin í þá stöðu að greiða atkvæði með eða á móti ESB samning og við myndum ekki vita hvernig ESB liti út eftir eitt til tvö ár. Síðan eru það ríkin sem standa fyrir utan evru samstarfið og hafa verið treg í taumi eins og Bretar. Þá ertu kanski með EES, síðan ertu með ESB gamla og síðan með Evruríkin og sambandsríkjahyggjuna. (Viðmælandi 7)

4.6. AÐILDARVIÐRÆÐURNAR

Í þessum kafla er fjallað um möguleg örlög aðildarviðræðna við Evrópusambandið ef svo færi að Sjálfstæðisflokkurinn yrði í stjórn á næsta kjörtímabili.

4.6.1. Ummæli í umræðum á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins tjáðu sig sérstaklega um aðildarviðræðurnar í umræðum á Alþingi 2009.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lýsti sig fylgjandi aðildarviðræðum í umræðunum.

„Ég legg mikla áherslu á að við höldum áfram með málið og reynum að ná sáttum í þinginu. Ég tel það skipta miklu máli því að mín skoðun er sú að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) En hún var þá að tala um tillögu Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna sem lögð var fram á sama tíma og tillaga ríkisstjórnarinnar. Hún sagði: „En ég get ekki fallist á þá tillögu sem hér liggur fyrir af því að vinnubrögðin eru til vansa.“ Enda fór svo að hún sat hjá við atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Illugi Gunnarsson viðhafði þessi ummæli: „Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa sagt að það sé nauðsynlegt fyrr eða síðar að láta á það reyna hvað aðilarviðræður þýða en ég geri líka þá kröfu að menn undirbúi slíka aðildarumsókn almennilega.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) Hann er þá að vísa til tillögu Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sem var lögð fram á sama tíma og var felld. Hann telur líka að það þurfi breytingar á stjórnarskrá til að þjóðin geti tekið bindandi ákvörðun um aðildarviðræður og vill að sú vinna fari fram.

Ragnheiður E. Árnadóttir las upp úr landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins. „Komist Alþingi eða ríkisstjórn að þeirri niðurstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu er það skoðun Sjálfstæðisflokksins að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þá ákvörðun á grundvelli skilgreindra markmiða og samningskrafna.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) Hún ræðir síðan þann ágalla sem henni finnst á tillögu Ríkisstjórnarinnar og fer yfir hve miklu nær markmiðum Sjálfstæðisflokksins henni finnst tillaga Framsóknar og Sjálfstæðismanna vera.

4.6.2. Ummæli í viðtölum við þingmenn

Hér á eftir koma ummæli sem má ráða í varðandi það hver örlög aðildarviðræðna yrðu ef Sjálfstæðisflokkurinn yrði í stjórn á næsta kjörtímabili.

Stjórnarflokkarnir sem settu aðildarviðræðurnar af stað gerðu mikil mistök segir viðmælandi 1.

Í fyrsta lagi með því að tryggja ekki víðtækara umboð en var til staðar þegar lagt var af stað og að þeir skyldu hafa látið hjá líða að leita stuðnings almennings í þjóðaratkvæðagreiðslu í aðildarviðræðuferlinu. En það voru ekki bara þau mistök heldur líka voru það mistök af Vinstri grænum að samþykkja að fara í aðildarviðræðurnar án þess að hugur fylgdi máli. Og afleiðingar þessa birtast okkur í því að Ísland hefur nú verið lengur heldur en nokkur önnur EES-þjóð í viðræðum við Evrópusambandið án þess að það hafi leitt til niðurstöðu. Það hefur engin EES-þjóð, það er að segja EFTA ríki sem hefur verið inn í EES samningnum og síðan farið í viðræður við Evrópusambandið verið eins lengi og við erum búin að vera nú þegar. Og enn er langt í land. (Viðmælandi 1)

Viðmælandi 1 segir að ástæðan fyrir þessu sé einfaldlega sú að það er ekki pólitískur stuðningur við málið í ríkisstjórninni og ekki á þinginu heldur. Það verður að vinda ofan af þessu ef á að halda áfram þannig að Evrópusambandið muni líka hafa einhvern áhuga á að ljúka viðræðunum. Viðmælandi 1 telur að Evrópusambandið hafi engan áhuga á að vinna að stuðningi við samning við Íslendinga ef það veit að ríkisstjórn Íslands og Alþingi styðja ekki samninginn. Viðmælandi 1 telur af þessum ástæðum að aðildarviðræðuferlið sé í öngstræti eins og sakir standa. Viðmælandi 1 telur engar líkur á að viðræðunum verði lokið fyrir næstu kosningar og hann sér enga aðra leið heldur en Íslendingar fari fram á viðræðunum verði frestað.

Það verði tekin hér alvöru pólitísk viðræða um stöðu viðræðnanna og forsendur þess að halda áfram. Og það verði ekki haldið áfram viðræðum nema hér fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál sérstaklega. Þetta er stefna Sjálfstæðisflokksins. Upphaflega vildi Sjálfstæðisflokkurinn ekki að sótt yrði um án þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla og nú hefur flokkurinn ályktað um að það væri rétt að gera hlé á viðræðunum og halda þeim ekki áfram fyrr en að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni, að þessari ályktun stóðu bæði þeir sem stutt hafa viðræðurnar og líka hinir sem voru á móti aðildarviðræðum. (Viðmælandi 1)

Viðmælandi 2 kom líka inn á stefnu Sjálfstæðisflokksins. Hún er sú að við myndum gera hlé á viðræðunum og fara með áframhaldandi viðræður í þjóðaratkvæði. Og viðmælandi 2 segir að

þau hafi alltaf verið þeirrar skoðunar að það væri ekki ráð að fara í aðildarviðræður nema þannig að þjóðin stæði á bak við slíkt.

Viðmælandi 4 myndi hætta viðræðum við Evrópusambandið í hvelli ef hann mætti ráða, með þeim rökum að Evrópusambandið sé ríki og viðmælandi 4 sá það strax fyrir þremur árum.

Ég átti von á að þróunin yrði miklu hægari en hún varð hraðari. Ég vona að Evrópusambandið springi ekki en það gæti klikkað, einmitt á evrunni. Að evran rústi Evrópusambandinu, leiðin hefur legið niður á við eins og fréttir hafa greint frá. (Viðmælandi 4)

Viðmælandi 5 er Evrópusinni og vill ljúka aðildarviðræðum og skoða hvað það er sem við fáum út úr samningaviðræðunum. Rétt er að taka fram að hún vildi jafnframt að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræðurnar, sú tillaga var felld á þingi sumarið 2009 þegar ákveðið var að fara í aðildarviðræður. Það að hafa lagt fram þessa spurningu í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu hefði styrkt ferlið ef þjóðin hefði sagt já og, það hefði heldur ekki farið milli mála ef þjóðin hefði sagt nei.

Ég tel að ef Sjálfstæðisflokkurinn verður í stjórn á næsta kjörtímabili þá muni hann leggja til að viðræðunum verði frestað. Það sem mér finnst líka er að Evrópusambandið eigi fullt í fangi með að leysa þau brýnu vandamál sem þar eru innan dyra. Og ég held að þeir séu ekki búnir að sjá fyrir endan á þeim vandamálum, hvorki með Grikki né Spán, og það er alveg spurning, kemur Ítalía næst. Og þegar þeir eru ekki búnir að sjá fyrir endan á því hvernig þeir ætla að leysa þessi vandamál sem þeir glíma við nú þegar er þá ekki ærið verkefni að leysa þann vanda og geyma það verkefni að vera í viðræðum við fleiri þjóðir um aðild. (Viðmælandi 5)

Viðmælandi 6 heldur að við ættum að klára viðræðurnar, hún heldur að það væri það galnasta sem við gætum gert væri að draga okkur út úr viðræðunum.

Það eru ýmsar skoðanir uppi varðandi það en við ættum að sameinast um hagfellda samningsniðurstöðu fyrir okkur Íslendinga. Að við höfum raunverulegan valkost þegar við komum að kjörborðinu. (Viðmælandi 6)

Viðmælandi 6 mun koma með tillögu um að þjóðin verði spurð um áframhaldandi aðildarviðræður samhliða þingkosningum 2013, því það hafi ávallt verið mikil kosningabáttaka í þingkosningum. Hún heldur að það sé misráðið að skilja þetta eftir opið frá einu kjörtímabili til annars. Það er alveg ljóst að ekki verður búið að semja fyrir næstu kosningar. Þannig að það þarf með einhverjum hætti að flytja málið milli kosninga. Hún telur best að spyrja þjóðina því þetta sé svo umdeilt. Hún kys fremur að kalla sig viðræðusinna en Evrópusinna, en segir að við verðum að hlýta því sem kemur út úr þessum kosningum.

Viðmælandi 7 hefur sagt að við eigum að hætta þessum viðræðum og það eigi ekki að hefja þær aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Til að fara af stað í svona samingafæri þá þarf að vera að baki ákveðin pólitísk eining. Og hana var ekki að finna í ríkisstjórninni og hana var ekki að finna á Alþingi og þess vegna skynsamlegast að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu strax. (Viðmælandi 7)

Viðmælandi 7 heldur að menn sjái það nú að það hefði verið fyrir bestu.

Viðhorf þingmanna Sjálfstæðisflokksins eru þau að ekki sé rétt að halda áfram með aðildarviðræður nema leggja málið í dóm þjóðarinnar. Þetta er í takt við yfirlýsta stefnu Sjálfstæðisflokksins og í takt við breytingartillögu þá sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur fóru fram með þegar tillagan um aðildarviðræður var lögð fram á sumarþingi 2009.

5. UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Þemun sem komu skýrt fram í niðurstöðunum voru fullveldi, sjávarútvegur, landbúnaður, gjaldmiðill og þróun Evrópusambandsins. Undanfarin ár og í umræðum sumarið 2009 hafa fæstir verið að velta fyrir sér þróun Evrópusambandsins nema þá helst Pétur Blöndal sem hafði miklar áhyggjur af því hvernig Evrópusambandið myndi þróast næstu 50 ár við umræður sumarið 2009. En í viðtölum mínum sumarið 2012 komu allir viðmælendur mínir inn á þróun Evrópusambandsins þannig að sá þáttur er farin að hafa verulega mikið vægi miðað við það sem áður var. Hér á eftir verður fjallað um þemun, röð þeirra endurspeglar ekki mikilvægi þeirra í rannsókninn. Þemun verða rædd í samhengi við umfjöllun fræðimanna um þau.

5.1 FULLVELDI

Fullveldið vegur þyngst í þeim þáttum sem komu fram í umræðum á þingi og í viðtölum við þingmenn. Þó að viðmælandi 5 lýsi yfir að hún hafi ekki áhyggjur af fullveldinu í samstarfi við Evrópusambandið þá hugnast henni ekki þróun Evrópusambandsins í áttina að sambandsríki vegna þess að þá myndu Íslendingar fórnar meira fullveldi við inngöngu í sambandið heldur en við núverandi skipulag Evrópusambandsins. Sjávarútvegurinn og þróun Evrópusambandsins koma eins og undirþættir í umræðunni um fullveldi þjóðarinnar.

Guðmundur Hálfðánarson segir að: „...íslenskir stjórnámamenn hafi ekki getað boðað ESB-aðild því það gangi gegn hugmyndum um fullveldi þjóðarinnar“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls.54). Sú fullyrðing virðist standast þegar kemur að viðmælendum mínum og afstöðu þeirra eins og hún birtist sumarið 2012. Þetta er samt ekki allskostar rétt því í kjölfar hrunsins komu fram háværar raddir um aðild að Evrópusambandinu og fylgi almennings við aðild jókst. Sjálfstæðisflokkurinn setti í fót nefnd um Evrópumál áramótin 2008 til 2009 og var þar farið yfir stefnu flokksins af meiri alvöru en áður hafði verið gert í Evrópumálum. Rétt er að halda því til haga hér að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru með sína eigin tillögu um að ganga til aðildarviðræðna sumarið 2009. Þessi tillaga fól í sér að álits þjóðarinnar yrði leitað fyrst og vandað yrði til verka en þessi tillaga sýnir ótvírætt vilja flokkanna til að ganga til aðildarviðræðna. Það var krafa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að

Þjóðaratkvæðagreiðsla yrði áður en gengið yrði til aðildarviðræðna (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Guðmundur Hálfðánarson segir að íslenskir stjórnámálmenn hafi allar götur frá sjálfstæðisyfirlýsingu þjóðarinnar 1944 „alist upp við þá skoðun að eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnámálanna í hinu fullvalda ríki sé að varðveita fjöreggið, frelsið, fyrir nýjum eyðileggingaröflum, hvort sem þau birtast í alþjóðlegum stofnunum eða andvaraleysi borgaranna.“ (Guðmundur Hálfðánarson, 2007, bls. 127). Viðmælanda 1 og viðmælanda 4 verður tíðrætt um fullveldið, bæði í umræðum um þingsályktunartillöguna og í viðtölum. Viðmælandi 1 ræðir um nálægð valdsins við borgarana í samhengi við þróun í lýðræðisátt sem megi sjá í aukinni kröfu um íbúalýðræði í sveitarfélögum og aukinni kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslur um hin ýmsu málefni. Hann segir að þessa þróun megi einnig sjá í Bretlandi þar sem uppi sé hávær krafa um meira lýðræði þegar kemur að samskiptum við Evrópusambandið. Viðmælandi 4 ræðir um gildi þess að valdið sé nálægt fólkinu, að ekki þurfi að taka ákvarðanir langt í burtu frá þeim sem eiga að búa við afleiðingar ákvarðana. Hann nefnir sem dæmi að Danir hafi ekki verið slæmt fólk en vegna fjarlægðarinnar og slæmra bréfaskipta hafi gefist einstaklega illa að þeir tækju ákvarðanir í okkar málum og þjóðin hafi blómstrað og orðið meðal auðugustu þjóða veraldar þegar ákvörðunarvaldið var fært heim til Íslands. Hann vill ekki missa ákvörðunarvaldið aftur úr landi og segir þvert nei við aðildarviðræðum. Eiríkur Bergmann ræðir fullveldið og segir:

„Fullveldishugtakið er enn afar umdeilt í fræðilegri umræðu en óhætt er að líta svo á að á því séu tvær hliðar; önnur snýr þá inn á við og felst í því að ríkið hefur einkarétt á að ráða málefnum innan eigin landamæra og hin út á við og felst í rétti ríkisins til að taka þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 180). Pétur Blöndal vísar í báðar þessar hliðar í umræðum á Alþingi og leggur ríka áherslu á einkarétt ríkisins til að ráða málefnum innan eigin landamæra. Viðmælendur 5 og 6 vilja leita meira út á við og vera fullgildir þáttakendur í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi. Þeim finnst við ekki tapa neinu af fullveldi okkar með aðild að ESB og nefna aðrar aðildarþjóðir sem dæmi um ríki sem hafi ekki tapað neinu af fullveldi sínu. Þarna birtist milliríkjahyggja í viðhorfum viðmælenda minna.

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru sammála um ágæti EES samningsins og eru ánægðir með þá stöðu sem Ísland er í með aðild að þeim samningi. Á það ber að líta að Sjálfstæðismenn áttu aðild að því að koma þessum samningi á, þeir áttu líka aðild að því að Ísland varð meðlimur í NATO. Sjálfstæðismenn hafa viljað vera virkir í að nýta rétt Íslenska ríkisins til að taka þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi. Allir viðmælendur mínir voru hlyntir því að taka þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi og fundu Evrópusambandinu það helst til foráttu að það myndi hindra okkur í að gera samninga t.d. við Kínverja. Viðmælandi 4 er einstaklega áfram um það að við ráðum málefnum innan eigin landamæra og telur það beinlínis vera fjöregg þjóðarinnar að valdið í eigin málefnum liggji hjá íslensku þjóðinni. Sú afstaða er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Eiríks Bergmanns að fullveldið sé einn helsti grundvöllur íslenskra stjórnmála. (Eiríkur Bergmann, 2009)

Úlfar Hauksson skilgreinir fullveldi sem svo: „Hin hefðbundna skilgreining á fullveldishugtakinu segir það felast í fullum og óskoruðum yferráðum ríkisins á eigin landsvæði.“ (Úlfar Hauksson, 2002, bls. 18) Þegar þessi fullyrðing er skoðuð þá kemur fullveldið helst inn á sjávarútvegsmál hjá viðmælendum mínum. Þeir telja að við eigum að eiga óskoraðan rétt til yferráða yfir fiskimiðum okkar og landhelgi og vilja ekki fórna því í aðildarviðræðum. Þar sem Ísland er eyja langt út í hafi liggja landamæri okkar ekki að öðrum ríkjum svona landfræðilega séð. En sjávarútvegslögsagan liggur að lögsögu annarra ríkja og þarf því oft að ná samkomulagi við önnur ríki um nýtingu sameiginlegra stofna.. Hefur t.d.makrillinn reynst góð búbot fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þótt veiðar hans séu enn á því stigi að ekki hafi náðst samkomulag við Evrópusambandið um það magn sem veiða má af makríl. Við vísum samt í það að veiðarnar fari fram í íslenskri lögsögu og að makrillinn sé jafnvel farin að hrygna hérna, okkur séu því veiðar heimilar. Það kann að reyna frekar á sjávarlögsögunum með hlýnun sjávar og breytinga á göngu hinna ýmsu nytjastofna. Þessi yferráð yfir eigin landsvæði eru viðmælanda 4 einkar hugleikin.

Valgerður Bjarnadóttir skrifar eftirfarandi um fullveldishugtakið: „Fullveldishugtakið mun mega rekja til miðalda þegar prinsar og hertogar áttu í valdabaráttu við kóniga og keisara. Það kemur fram í friðarsamningum í Westfalen 1648 eftir Þrjátíu ára stríðið, og miðast upphaf kassíks þjóðarréttar við þá friðarsamninga. [...] Hugtakið er notað á tvennan hátt, annars vegar huglægt og hins vegar í lagalegum skilningi. [...] Huglæg notkun hugtaksins höfðar til reisnar og sjálfstæðis þjóðar. [...]Þjóð sem er fullvalda ræður sér sjálf, er ekki kúguð af

öðrum.“ (Valgerður Bjarnadóttir, 2001, bls. 20). Samkvæmt þessari skilgreiningu Valgerðar þá þarf aðild að Evrópusambandinu ekki endilega að þýða afsal fullveldis. Þetta virðist líka vera skilningur viðmælanda 5. Viðmælandi 5 telur að við fórnunum engu af fullveldi okkar við inngöngu í Evrópusambandið eins og það er. Hún spyr: „Eru ekki Danir, Finnar og Svíar fullvalda þjóðir þótt þeir hafi gengið í Evrópusambandið?“. Hún er Evrópusinni og vill samstarf við Evrópusambandið og telur það styrkja fullveldi okkar að vera fullir þáttakendur í alþjóðlegu samstarfi frekar en einangra okkur heimavið. Benda má á að afstaða hennar ögrar hinni ríkjandi orðræðu, þar sem fullveldi og þáttöku í yfirþjóðlegum stofnunum ESB er iðulega stillt upp sem andstæðum, eins og Eiríkur Bergmann bendir á í sinni rannsókn (Eiríkur Bergmann, 2009).

Viðmælandi 4 er ekki á sama máli og telur fullveldi okkar vera fórnað með inngöngu í Evrópusambandið. Hann telur að þá hafi sjálfstæðisbaráttan verið til lítils og að völd yfir innanríkismálefnum og utanríkisstefnu megi ekki vera á forræði annara en Íslendinga.

Bjarni Benediktsson vísar í sínum ummælum til þess að „EES samningurinn felur ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofnana ESB og gerðir sambandsins verða ekki sjálfkrafa hluti EES-samningsins, heldur þarf að semja sérstaklega hvort og með hvaða hætti ESB-gerð taki til EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-samningsins.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) Bjarni Benediktsson áréttar að „Eitt af grundvallarskilyrðum við gerð EES-samningsins var að samningsaðilar ESB og sérhvert EFTA-ríki héldu sjálfræði sínu til ákvarðanatöku. Samningurinn felur því ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofnana EES, heldur er löggjafarvald áfram alfarið í höndum þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna og hver ný ákvörðun um breytingu á EES-reglum er því í raun nýr þjóðréttarsamningur.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Bjarni Benediktsson vísar til þess að við höfum ekki tekið þátt sem skyldi í að koma að mótun löggjafar innan ESB. Hann á þá við að: „Evrópusambandið heldur úti fjölda nefnda sem ráðleggja um lagagerð og áætlanir og safna saman sérfræðiálitum varðandi flókin viðfangsefni. Þáttaka í þessum nefndum er einn helsti farvegur EFTA-ríkjanna að undirbúningi ákvarðana sem verða EES-svæðið. ... Í skýrslu Evrópunefndar forsætisráðherra frá 2007 kemur fram að árið 2005 hafi EFTA-ríkin í EES haft aðgang að 418 nefndum og

sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar. Sérfræðingar frá Íslandi hafi aðeins tekið þátt í starfi 184 þessara nefnda.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) Bjarni Benediktsson er að vísa til lögfræðilegs fullveldis þjóðarinnar sem hann vill ekki tapa við að ganga í Evrópusambandið. Hann telur að við myndum hafa minni áhrif á mótun löggjafar ef við myndum gerast aðilar að Evrópusambandinu. Jóhanna Jónsdóttir tekur undir þetta viðhorf í rannsókn sinni. (Jóhanna Jónsdóttir, 2009) Viðmælandi 3 tekur dýpra í árinna og segir að við myndum verða eins og krækiber í helvíti ef við gengjum í Evrópusambandið.

Karvel Pálmason (2009) kemst að þeirri niðurstöðu að m.a.fullveldi vegi þungt í að móta afstöðu Norðmanna til Evrópusambandsaðildar, það er í samræmi við rannsókn Eiríks Bergmanns (2009) sem kemst að því að fullveldi vegi þungt í að móta viðhorf Íslendinga til Evrópusambandsaðildar. Robert Geyer og Duane Swank rannsaka í grein sinni gögn frá 209 norskum sósíal demókrötum sem eru á móti ESB. Greinin heitir „Rejecting the European Union. Norwegian Social Democratic Opposition to the EU in the 1990s. Helstu rök þeirra fyrir andstöðu eru að aðild sé ógn við lýðræði og fullveldi.

Samkvæmt frjálslyndri stofnanahyggju eru það efnahagslegir hagsmunir þjóða sem mestu ráða í samskiptum á milli þeirra. Það stenst ekki í rannsókn minni og nokkrum öðrum rannsóknum sem vísað er til. Hugmyndin um fullveldi vegur þungt í þeim þáttum sem ég rannsakaði og önnur hugmynd, þróun Evrópusambandsins vegur næstum því jafn þungt því þróun Evrópusambandsins í átt að sambandsríki er þvílík ógn við fullveldi Íslands að þingmenn Sjálfstæðisflokksins geta ekki við það unað. Hugmyndir og áhrif þeirra er kjarninn í mótunarhyggju. Það er því mótunarhyggja sem skýrir betur niðurstöður mínar fremur en frjálslynd stofnanahyggja.

5.2. SJÁVARÚTVEGUR

Fimm af viðmælendum mínum höfðu sterkar skoðanir á sjávarútvegsmálum. Viðmælandi 4 taldi sjávarútveg auðlind en rétt væri að athuga að auðlindir kæmu og færu svona með 100 ára gleraugum séð, og það gæti verið að þessi auðlind myndi tapa mikilvægi sínu í áranna rás eins og þróun auðlinda í sögu þjóðarinnar benti til. Lengi hefðu verið mannskaðar í sjávarútvegi og það hefði verið mannauður þjóðarinnar sem tókst að færa það til betri vegar. Mannauðurinn

væri því mikilvægari auðlind heldur en sjávarútvegur. Viðmælandi 5 taldi ekki rétt að hafa sérstakar áhyggjur af sjávarútvegi við inngöngu í Evrópusambandið, við gætum allt eins kennt Evrópusambandinu um fiskveiðistjórnun í ljósi góðs árangurs okkar á því sviði, við þyrftum ekki að ganga þarna inn með það að leiðarljósi að við yrðum eitthvað minnimáttar. Næstu orð lýsa viðhorfi hinna fimm af viðmælendum mínum sem tengja yfirráð yfir sjávarútvegi saman við fullveldi þjóðarinnar: Sama viðhorf kemur fram í skrifum Eiríks Bergmann sem bendir á að baráttan um yfirráð yfir auðlindum landsins sé nátengd sjálfstæðisbaráttu og hugmyndum um fullveldi Íslands. Hann segir m.a.:

„Sjávarafurðir telja enn góðan meirihluta í vöruútflutningi Íslands. Yfirráð yfir fiskinum snýst því með beinum hætti um yfirráð yfir eigin örlögum.“(Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 131)

Viðmælandi 3 vill ekki ganga í Evrópusambandið vegna þess að við missum þá yfirráð yfir sjávarútvegi. Það sé undirstöðuatvinnuvegur íslensku þjóðarinnar og það sé ótækt að ákvörðun um veiðiheimildir fari til Brussel. Viðmælandi 7 tekur svo til orða að það muni aldrei samþykkt í atkvæðagreiðslu á Íslandi að yfirráð yfir veiðiheimildum flytjist til Brussel. Honum finnst þó fyrir sitt leyti þróun Evrópusambandsins vega þyngra en afstaðan til sjávarútvegs þegar kemur að andstöðu hans við aðildarviðræður. Viðmælandi 6 kys að kalla sig viðræðusinna en setur engu að síður fyrirvara við sjávarútvegsmálin. Ef ekki komi ásættaleg lausn í sjávarútvegsmálum þá myndi hún aldrei samþykkja aðild. Viðmælandi 1 setur verulega fyrirvara við sjávarútvegsmálin við inngöngu í Evrópusambandið. Hann var þeirrar skoðunar að ein mesta fórnin sem við myndum færa við inngöngu í Evrópusambandið væri að gangast undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins. Við með okkar stóru fiskveiðilögsögu og hið mikla vægi sjávarútvegs í utanríkisverslun hefðum miklu meira að fórna heldur en hinar Evrópuþjóðirnar sem gerst hefðu aðilar hingað til. Viðmælandi 2 telur engar líkur á því að það verði komið með samning sem uppfylli okkar skilyrði þegar kemur að sjávarútvegsmálum. Hún bendir á ástandi sem er nú gagnvart makrílnum. Fyrir þjóð sem reiði sig jafn mikið á fiskveiðar og Íslendingar geri þá sé grundvallaratriði að halda yfirráðum yfir auðlindinni. Þetta viðhorf er í anda milliríkjahyggju.

Við höfum líka nýleg dæmi um að auðlindin getur verið breytileg frá einum tíma til annars eins og makrílinn er dæmi um. Göngur makrílsins inn í lögsöguna hafa fært okkur búbot eins

og göngur á loðnu og síld síðustu 40-50 árin. Tímarnir geta verið breytilegir hvað verðmæti auðlindarinnar varðar og menn eiga ekki að horfa til skamms tíma þegar verið er að reikna út mögulegan ávinning af samstarfi við Evrópusambandið um stjórn fiskveiða á Íslandi. Evrópusambandið er líka með fiskveiðistjórnunarkerfi sitt til gagn Gerrar endurskoðunar nú um stundir en það tekur tíma. Samkvæmt nýlegum fréttum lauk endurskoðun á fiskveiðikerfi Evrópusambandsins nú í febrúar 2013 og þar var meðal annars ályktað um algert bann við brottkasti ásamt fleiri breytingum. En það lá ekki fyrir þegar viðtöl voru tekin við viðmælendur mína sumarið 2012.

Viðhorf í anda milliríkjahyggju ríma vel við kenningu Ingebritsen, sem telur að það sé fyrst og fremst hagsmunir í íslenskum sjávarútvegi sem hafi komið í veg fyrir Evrópusambandsaðild. (Ingebritsen, 1998). Ingebritsen heldur því fram að viðhorf Íslendinga til Evrópusambandsins mótist af aðalatvinnuvegunum, helst þá sjávarútvegi og er þar á annari skoðun en Eiríkur Bergmann í rannsókn hans, “Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar“ (Eiríkur Bergmann, 2009). Fimm af þeim sjö þingmönnum sem ég talaði við eru á þeirri skoðun að hagsmunir í íslenskum sjávarútvegi útiloki Evrópusambandsaðild. Þetta er þó ekki svo einfalt að niðurstöður úr rannsókn minni endurspeglu kenningu Ingebritsen því áhersla þingmannanna á fullveldi þjóðarinnar er svo rík að sjávarútvegur verður undirbreyta í gögnunum, mjög mikilvæg breyta en samt hluti af fullveldisumræðunni.

Eiríkur Bergmann segir: „Efnahagur Íslands byggðist á útflutningi sjávarafurða....Allt fram á nítjándu öld var íslenskt samfélag grundvallað á landbúnaði en smám saman tók sjávarútvegurinn við sem grunnstoð efnahagslífsins. Á síðustu áratugum hefur þó heldur dregið úr efnahagslegu mikilvægi sjávarútvegsins. Lengi vel stóð sjávarútvegur undir þorra gjaldeyrstekna í landinu en árið 2004 var hlutur sjávarútvegsins komin niður í um það bil þriðjung“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 174). Eiríkur er hér á svipuðum slóðum og viðmælandi 4 sem vill ekki gefa sjávarútvegi vægi í ákvarðanatöku sinni því sjávarútvegur sé auðlind og auðlindir taki breytingum.

Annað sem fram kom í viðtölum varðandi sjávarútveg er að sjávarútvegsstefnan sem Evrópusambandið fylgir er þyrnir í augum þeirra sem eru andvígir aðild á grundvelli sjávarútvegs.

Sjávarútvegsstefnan er ásteitingarsteinn. Viðmælendum mínum fannst sjávarútvegi mun betur borgið undir stefnu íslenskra stjórnvalda heldur en ef sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins kæmist hér í gildi.

„Sjávarútvegsstefnan hefur því verið gagnrýnd allt frá því hún var innleidd. Gagnrýnin hefur ekki síst snúið að ákvörðunum ráðherraráðsins um leyfilegan heildarafla sem hafa oft á tíðum verið verulega umfram ráðgjöf vísindamanna og tillögur framkvæmdastjórnarinnar“ (Utanríkisráðuneytið, 2000, bls.223). Það er einmitt þessi ákvörðun um leyfilegan heildarafla, það að hún fari úr landi og til Brussel, sem er ástæða fyrirvara sem fimm þingmenn sjálfstæðisflokksins setja við að stjórn sjávarútvegs mála fari úr landi. Einnig nefna þingmennirnir sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Stuðst er við skrif Úlfars Haukssonar um þetta efni og sjávarútvegsstefnan er svona í stuttu máli:

Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er svar við hagsmunum upphaflegu aðildarríkjanna og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað alþjóðlega í sjávarútvegs málum. Innan sambandsins var þróunin á þann veg að taka fiskveiðimálin frá aðildarríkjunum og setja stjórn fiskveiðimála undir stofnanir Evrópusambandsins ásamt því að færa fiskveiðilögsögu út í 200 mílur.

Tólf mílna reglan: Hún er í raun undanþáguákvæði frá reglunni um frjálsan aðgang og kveður á um einkarétt strandríkja til veiða á hafsvæði allt að tólf mílum frá grunnlínupunkti. Malta hefur notið góðs af þessari reglu.

Hámarksafli og hlutfallslegur stöðugleiki: Á hverju ári er tekin um ákvörðun um leyfilegan heildarafla helstu nytjategunda, byggð á vísindalegum forsendum, og hverju landi tryggt ákveðið hlutfall af hverri tegund byggð á veiðireynslu þeirra á viðkomandi svæði. Það er þetta ákvæði um veiðireynslu sem Úlfar telur tryggja Íslendingum yfirráð yfir miðunum kringum landið þegar og ef gengið yrði í Evrópusambandið.

Tæknilegar verndunaraðgerðir: Settar voru reglur um tæknilegar ráðstafanir til verndunar og stjórnunar á nýtingu fiskistofna t.d. hvað varðar stærð og gerð veiðarfæra.

Eftirlit. Settar voru reglur um eftirlit með fiskiskipum og sjá strandríkin alfarið um að fylgjast með veiðum innan sinnar lögsögu (innan 200 mílna eða miðlínu.) Eftirlitsmenn á vegum framkvæmdastjórnarinnar fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi. (Úlfar Hauksson, 2002, bls. 136-137)

Þetta er sjávarútvegsstefnan í stuttu máli. Þá viku að veiðiheimildunum. Samkvæmt Úlfari Haukssyni byggir sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins á því að veiðiheimildir einstakra ríkja eru ákveðnar af sameiginlegri yfirstjórn og enn fremur að: „Þetta atriði ber ávallt hæst í umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu og er þyrnir í augum flestra Íslendinga“ (Úlfar Hauksson, 2002, bls. 155). Þetta er einnig þyrnir í augum fimm þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem ég ræddi við. Viðmælandi 3 viku að veiðireynslu. Aðrar Evrópuþjóðir hafa sáralitla veiðireynslu í íslenskri lögsögu og stofnarnir eru staðbundnir. Úlfar Hauksson færir fyrir því rök að lítil breyting yrði á úthlutun veiðiheimilda til íslenskra skipa í íslenskri lögsögu vegna reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika. (Úlfar Hauksson, 2002, bls. 158-159) Þessu vilja þingmenn almennt ekki hampa og nefnir engin þeirra þennan punkt. Þeir gjalda hins vegar varhug við þær breytingar sem kunna að verða gerðar á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem gætu orðið til að hagur Íslendinga yrði verri en við inngöngu í sambandið og hugsanlegan aðildarsamning.

Úlfar Hauksson segðir að: „Vegna augljósra sérhagsmuna er óhætt að fullyrða að Íslendingar yrðu þungavigtarþjóð á sviði sjávarútvegs innan Evrópusambandsins ekki síður en utan þess. Af þeim sökum, og vegna landfræðilegrar sérstöðu, er jafnframt óhætt að fullyrða að okkur myndi takast að verja þessa sérhagsmuni okkar innan sambandsins ekki síður en utan þess.“(Úlfar Hauksson, 2002, bls.185-186) Þetta viðhorf er mjög í samræmi við viðhorf viðmælanda 5 sem taldi okkur geta kennt Evrópusambandinu sitt hvað um sjávarútveg á grundvelli þekkingar okkar og reynslu.

Við fyrstu sýn virðist frjálsslynd stofnanahyggja eiga betur við til að skýra efnahagslega hagsmuni sem Ísland hefur af sjávarútvegi. En bíðum aðeins við. Sjávarútvegur flyst ekki úr landi við inngöngu í Evrópusambandið og fiskimiðin fara ekkert heldur. Það eru yfirráðin sem fara til Brussel og það er það sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru ekki sáttir við. Yfirráð yfir sjávarútvegi eru hluti af fullveldi landsins og fellur þessi umræða um sjávarútveg því

fremur að mótunarhyggju, hugmyndin um yfirráð sem hluta af fullveldi er hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar sem sterkar og óháðar sem þurfi ekki að sækja vald sitt til annara.

5.3 LANDBÚNAÐUR

Landbúnaður var ekki ofarlega í huga viðmælenda minna. Þrír viðmælenda minna vildu meira frelsi í landbúnaði með lækkun tolla og sögðu að við þyrftum ekki að ganga í Evrópusambandið til þess að lækka tolla. Okkur væri það í sjálfsvald sett. Viðmælandi 2 og viðmælandi 5 vildu sjá meira frelsi, meira framleitt og selt beint frá býli. Þær voru sannfærðar um að ágæti íslenskra landbúnaðarafurða yrði þess valdandi að fólk veldi íslenska framleiðslu þótt innflutningur væri aukin eða gefin frjáls í sumum greinum. Viðmælendur 1, 3 og 7 töldu allir að við myndum þurfa að beygja okkur fyrir regluverki Evrópusambandsins fremur en þeir lögðu sig að okkur og það myndi ekki verða jákvætt fyrir íslenskan landbúnað. Sá sem hefur haldið merkjum bænda helst á lofti í þingmannahópi Sjálfstæðismanna er Einar K Guðfinnsson sem í ræðu sinni á sumarþingi 2009 kom inn á það að verðlækkun sú sem muni verða á matvælavörðum í landinu verði sótt beint í vasa bænda. Hann bendir á að í Finnlandi hafi lækkun á matvöruverði leitt af sér lækkun í verði á afurðum til finnskra bænda. Það er helst í viðhorfum hans sem hægt er að finna fót fyrir fullyrðingu Eiríks Bergmanns sem segir í bók sinni: „í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að rannsóknir sýna að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og landbúnaði hafi haft meiri áhrif á lagagerð á Íslandi en fulltrúar annara stétta.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 320) Almennt virðast landbúnaðarmálin ekki hvíla þungt á þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og aðrir þættir vega þyngra í mótun afstöðu þeirra til Evrópusambandsaðildar.

5.4 GJALDMÍÐILL

Staða íslensku krónunnar og möguleikinn á upptöku annars gjaldmiðils var þingmönnum Sjálfstæðisflokksins ofarlega í huga við atkvæðagreiðslu um aðildarumsókn sumarið 2009. Sýn þingmanna á þessi mál virðist þó hafa breyst nokkuð þegar viðtölin voru tekin, enda miklar sviptingar orðið á evrusvæðinu í millitíðinni.

Fyrir síðustu kosningar lýsti viðmælandi 1 því yfir að rétt væri að skoða upptöku annarar myntar í samstarfi við Alþjóða Gjaldeyrissjóðinn. Hann var þá sérstaklega að vísa til upptöku

evru. Viðmælandi 5 lýsti því að hún hefði verið mjög skotin í evrunni þegar hún galt já við því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Einar K. Guðfinnsson gerir vandræði krónunnar að umtalsefni í þingræðu sinni, og vísar þar til þess að vandræði krónunnar séu eldsneyti á þá umræðu að taka upp evru. Viðmælandi 7 leit svo á haustið 2008 að það væri óábyrgt að útiloka þann möguleika að taka upp evru í ljósi þeirra aðstæðna sem voru uppi í íslensku efnahagslífi og það spurningarmerki sem mátti setja upp við hina íslensku mynt. Viðmælandi 6 telur enn einsýnt að við þurfum að taka upp aðra mynt og eðlilegast sé að líta til evru í því samhengi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði „Tvíhliða samningur um upptöku evru væri einfaldlega samskonar nálgun að peningastefnu ESB og EES-samningurinn er að innri markaðinum og Schengen-aðildin að starfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála.“ (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu)

Það var því stemming fyrir því að skipta um gjaldmiðil þegar tillagan um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið var samþykkt árið 2009. Síðan hafa orðið miklar sviptingar á evrusvæðinu og aðkallandi vandamál í ríkisfjármálum Grikklands, Portúgals, Íra, Spánverja og Ítala hafa leitt til þess að evrusvæðið er í djúpri kreppu. Viðmælandi 1 telur okkur sorglega lítið hafa lært í okkar eigin fjármálum af þeim aðgerðum sem sé verið að grípa til á evrusvæðinu. Þar sé mikill agi í þeim aðgerðum sem verið sé að innleiða sem skorti hér á landi.

Þingmenn sem áður töluðu fyrir evru eða öðrum gjaldmiðli segja nú að við þurfum að halda krónunni með stífum aga í hagstjórn, lækkuðum skuldum ríkis, heimila og fyrirtækja, lágri verðbólgu og lækkun vaxta. Það virðist samdóma álit þingmanna að með styrkari hagstjórn geti krónan orðið sá gjaldmiðill sem dugar og styrkari hagstjórn opni okkur líka möguleika til að taka upp aðra mynt ef við kjósum svo. Þingmenn deila mjög á gjaldeyrishöftin og segja að við þessa skerðingu á frelsi verði ekki búið til langframa. Viðmælandi 7 deilir á verðbólguarkmið Seðlabankans og telur nýrrar nálgunar þörf. Viðmælandi 7 telur líklegra og farsælla að við færum okkur meira í áttina til Bandaríkjanna sem lítur líka til atvinnustigsins og jafnvel þjóðarframleiðslu að nafnvirði. Og Ísland mun alltaf þurfa að horfa á gengið. Viðmælandi 4 telur höfuðvandann þann hversu agalausir íslendingar séu í fjármálum, við tókum lán fyrir öllu mögulegu en eigum að taka lán fyrir tvennu, íbúðarlán og námslán. Hann telur að við eigum að horfa til annara þjóða eins og Þýskalands hvað varðar aga í fjármálum og það að spara fyrir hlutunum í stað þess að taka lán til þess að kaupa þá.

Það er aðeins einn af þingmönnum sem tekið var viðtal við sem telur enn að við eigum að taka upp nýja mynt, það er viðmælandi 6.

Tómas Ingi Olrich gerir evruna að umtalsefni í bók sem hann skrifaði árið 2011. „Útgáfa sameiginlegrar myntar, evrunnar, er langmikilvægasta skrefið sem stigið hefur verið í átt til samhæfingar og miðstýringar innan þeirra Evrópuríkja sem kusu að tengjast evrunni. Að þessu leiti þokaði Delors sambandinu verulega í átt til sambandsríkis og jók mjög miðstýringu innan þess.“ (Tómas Ingi Olrich, 2011, bls. 40) Þetta samstarf er nú í verulegum kröggum og evrusvæðið í krísu vegna þess að Evrópusambandið þróaðist ekki nægjanlega langt í átt til sambandsríkis. Fjárlög ríkjanna eru ekki sameiginleg þrátt fyrir sameiginlega mynt, ríkin eru treg til að gefa eftir stjórn yfir eigin fjárlögum en framkvæmd evrusvæðisins gengur tæplega án þess að þetta vald sé gefið eftir. Viðmælandi 7 orðar þetta svo að verið sé að reyna að leysa vandann með tæknilegum lausnum þótt vandinn sé pólitískt eðlis, ekki tæknilegur vandi.

5.5 ÞRÓUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Hér kemur að mikilvægustu breytunni í hugum þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Allir nema einn komu inn á þróun Evrópusambandsins í ummælum sínum og öllum þeim sem nefndu þróunina hugnaðist hún ekki vegna þess að þróunin var í átt að sambandsríki og þeir töldu það frekari ógn við fullveldi Íslands heldur en ef gamla Evrópusambandið héldi óbreyttri stefnu. Þessi breyta verður því undirbreyta í fullveldinu þótt hún sé mikilvægasti punkturinn í huga þingmannanna. Eiríkur Bergmann ræðir þróun Evrópusambandsins ekki í rannsókn sinni. Mikilvægi þessarar breytu í rannsókn minni greinir rannsóknirnar verulega í sundur. Mótunarhyggja skýrir þróun hugmyndarinnar um Sambandsríki Evrópu. Upphaflega byrjaði Evrópusambandið sem hugmynd, tilraun til að koma á friði í stríðshrjáðri Evrópu. Þessi hugmynd frumkvöðlanna tók mjög snemma mið af því að samstarfið þróaðist yfir í sambandsríki en þjóðernishugmyndir aðildarríkjanna tafði þróunina.

Pétur Blöndal var fyrstur til að vekja máls á þróun Evrópusambandsins við þingumræður sumarið 2009. Hann vildi sérstaklega vara við því við aðildarumsókn að við vissum ekkert hvernig Evrópusambandið myndi þróast og líta út eftir 50 til 100 ár. (Alþingistíðindi, 2009. 137. Löggj. 38. Mál Aðildarumsókn að Evrópusambandinu) Hann fékk ótrúlega litlar undirtektir við málflutning sinn. Í viðtali við sama þingmann (viðmælanda 4) kom síðan fram

að þróunin í áttina að sambandsríki hafði orðið mun hraðari á undanförunum árum en hann hafði nokkurn tíman átt von á. Þannig að viðmælanda 4 finnst Evrópusambandið vera að þróast í átt að sambandsríki með verulegum lýðræðishalla. Honum finnst umhugsunarvert að stjórnunin í Evrópusambandinu sé að mestu í höndum Frakka og Þjóðverja, þeir hafi sig mest í frammi við að leysa evruvandann og hinar þjóðirnar bara spili með.

Viðmælanda 1 finnst Evrópusambandið vera að þróast í átt að sambandsríki og honum finnst það ekki jákvæð þróun fyrir Ísland. Ákvarðanir um t.d. ríkisfjármál muni tekin í auknu mæli í Brussel og það þýði meira valdaframsal til Evrópusambandsins, slíkt valdaframsal sé óásættanlegt fyrir Ísland.

Viðmælanda 2 finnst veruleg vát fyrir dyrum í evruríkjunum. Spánn komi til með að þurfa á björgunarpakka að halda og það verði hinum evruríkjunum þungur baggi því Spánn sé með svo stórt hagkerfi. Til að vera með sameiginlega mynt þurfi sameiginlega stjórn á peningamálum og það þýði þróun í átt að sambandsríki. Þessi þróun hugnast henni ekki og hún telur hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins.

Viðmælandi 3 er á því að Ísland verði eins og krækiber í helvíti í Evrópusambandinu. Verulegur lýðræðishalli sé á sambandinu og í þeim erfiðleikum sem steðjað hafi að evrunni hafi Frakkland og Þýskaland haft sig mest í frammi, hin ríkin hafi bara spilað með. Þetta finnst honum neikvæð þróun og verulegt áhyggjuefni fyrir Ísland. Þetta sé eins og í dýraríkinu, þar ráði sá stærsti og sterkasti för og það sé að verða eins í Evrópusambandinu. Þá muni Ísland eiga verulega erfitt uppdráttar vegna smæðar sinnar.

Þegar viðmælandi 5 sagði já við aðildarviðræðum 2009 var það við Evrópusambandi þess tíma. Það var ekki já við sambandsríki Evrópu sem væri eins og Bandaríkin. Hún er mótfallin þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Hún saknar stjórnar Evrópusambandsins í umræðum um þá krísu sem evran hefur verið í. Þar minnst hún á eins og kollegar hennar að það séu Frakkland og Þýskaland stundum með aðkomu Bretlands sem séu að ráða ráðum sínum. Henni finnst þarna verulegur lýðræðishalli vera á Evrópusambandinu og myndi ekki segja já við aðildarviðræðum eins og Evrópusambandið hefur þróast ef kosið yrði aftur.

Viðmælandi 6 var sá eini þingmannanna sem kom ekki inn á þróun Evrópusambandsins í viðtali.

Viðmælandi 7 segir að Ísland standi frammi fyrir þeirri spurningu, að því gefnu að það takist að láta evruna lifa, sem hann ætlar innilega að vona, og hann er ekki bara að hugsa um krísuna núna heldur komandi krísur, þá verður að búa til allt að Bandaríki Evrópu. Og fyrir Ísland að ganga inn í það verður allt annað mál heldur en að ganga inn í það ESB sem er nú. Og hann telur að það sé með engum hætti aðgengilegt fyrir Ísland þannig að við virkum sem þjóð að við framseljum þetta stóran hluta af fullveldi okkar, sem sagt yfir ríkisfjármálum. Viðmælandi 7 telur algerlega nauðsynlegt að við förum sjálf með vald yfir okkar ríkisfjármálum og að við myndum fljótt sjá afleiðingar þess að hér væru teknar ákvarðanir fyrir okkur í Brussel.

Það er áhugavert að sjá hvað þingmenn eru einhuga um að það sé slæmt fyrir Ísland að Evrópusambandið sé að breytast í sambandsríki. Þeir líkja Evrópusambandinu við Bandaríki Evrópu. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort Bandaríkin séu eitthvað slæm. Hvort ríkin innan Bandaríkjanna gangi í gegnum þrengingar við að vera svona nátengd saman. Þvert á móti virðist sameining ríkja Bandaríkjanna vera vel heppnuð og engar raddir uppi um að þar sé viðvarandi lýðræðishalli. Ríkin eru mjög mismunandi að efnahag og stærð en allir virðast una sáttir við sitt hlutskipti. Engu að síður er ljóst að sambandsríkjahyggja er eitur í beinum viðmælenda minna.

Það hlýtur að vakna sú áleitna spurning hvort það sé svo slæmt að Evrópusambandið verði meira eins og sambandsríki, eins og þeir sem það stofnuðu í árdaga sáu óneitanlega fyrir sér.

5.6 AÐILDARVIÐRÆÐUR

Velt var upp þeirri spurningu við viðmælendur hver myndu verða örlög aðildarviðræðna ef Sjálfstæðisflokkurinn kæmist í stjórn að loknum næstu kosningum.

Viðmælandi 1 telur engar líkur á að viðræðunum verði lokið fyrir næstu kosningar og hann sér enga aðra leið heldur en Íslendingar fari fram á viðræðunum verði frestað.

Viðmælandi 2 kom inn á stefnu Sjálfstæðisflokksins. Hún er sú að við myndum gera hlé á viðræðunum og fara með áframhaldandi viðræður í þjóðaratkvæði. Og viðmælandi 2 segir að

þau hafi alltaf verið þeirrar skoðunar að það væri ekki ráð að fara í aðildarviðræður nema þannig að þjóðin stæði á bak við slíkt.

Viðmælandi 4 myndi hætta viðræðum við Evrópusambandið í hvelli ef hann mætti ráða. Með þeim rökum að Evrópusambandið er ríki og viðmælandi 4 sá það strax fyrir þremur árum. Hann átti von á að þróunin yrði miklu hægari en hún varð hraðari. Hann vonar að Evrópusambandið springi ekki en það gæti klikkað, einmitt á evrunni. Að evran rústi Evrópusambandinu, leiðin hefur legið niður á við eins og fréttir hafa greint frá.

Viðmælandi 5 er Evrópusinni og vill ljúka aðildarviðræðum og skoða hvað það er sem við fáum út úr samningaviðræðunum. Rétt er að taka fram að hún vildi jafnframt að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræðurnar. Sú tillaga var felld á þingi sumarið 2009 þegar ákveðið var að fara í aðildarviðræður. Það að hafa lagt fram þessa spurningu í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu hefði styrkt ferlið ef þjóðin hefði sagt já, það hefði líka ekki farið milli mála ef þjóðin hefði sagt nei. Viðmælandi 5 telur að ef Sjálfstæðisflokkurinn verður í stjórn á næsta kjörtímabili þá muni hann leggja til að viðræðunum verði frestað.

Viðmælandi 6 heldur að við ættum að klára viðræðurnar, hún heldur að það væri það galnasta sem við gætum gert væri að draga okkur út úr viðræðunum. Það séu ýmsar skoðanir uppi varðandi það en við ættum að sameinast um hagfellda samningsniðurstöðu fyrir okkur Íslendinga. Að við höfum raunverulegan valkost þegar við komum að kjörborðinu. Viðmælandi 6 mun koma með tillögu um að þjóðin verði spurð um áframhaldandi aðildarviðræður samhliða þingkosningum 2013, því það hafi ávallt verið mikil kosningaþáttaka í þingkosningum. Hún heldur að það sé misráðið að skilja þetta eftir opið frá einu kjörtímabili til annars. Það er alveg ljóst að ekki verður búið að semja fyrir næstu kosningar. Þannig að það þarf með einhverjum hætti að flytja málið milli kosninga. Hún telur best að spyrja þjóðina því þetta sé svo umdeilt. Hún kys fremur að kalla sig viðræðusinna en Evrópusinna, en segir að við verðum að hlíta því sem kemur út úr þessum kosningum.

Viðmælandi 7 hefur sagt að við eigum að hætta þessum viðræðum og það eigi ekki að hefja þær aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Til að fara af stað í svona samingaferli þá þarf að vera að baki ákveðin pólitísk eining. Og hana var ekki að finna í ríkisstjórninni og hana var ekki að finna á Alþingi og þess vegna skynsamlegast að fara með

málið í þjóðaratkvæðagreiðslu strax. Viðmælandi 7 heldur að menn sjái það nú að það hefði verið fyrir bestu.

Samkvæmt ummælum þingmanna og stefnu Sjálfstæðisflokksins getum við átt von á að viðræðum verði frestað komist Sjálfstæðisflokkurinn í stjórn á næsta kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur lögðu fram tillögu um að gengið yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður á sumarþingi 2009 og þingmönnum finnst ennþá að niðurstöðu úr þessari þjóðaratkvæðagreiðslu vanti. Og enn frekar nú heldur en 2009 vegna þróunar Evrópusambandsins í átt að sambandsríki. Það verður fróðlegt að fylgjast með þingstörfum á komandi vetri og sjá hvort viðmælandi 6 leggur fram tillögu um að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi samningaviðræður samhliða kosningum vorið 2013.

5.7. LOKAORÐ

Í þessari ritgerð hefur verið skoðað hvaða þættir hafa áhrif á afstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsaðildar eins og rannsóknarspurningin ber með sér sem varpað var fram hér fyrir í ritgerðinni.

Í niðurstöðum mínum kemur fram að sá þáttur sem vegur þungst er fullveldi. Undirþættir sem vega einnig þungt eru þróun Evrópusambandsins og sjávarútvegur. Þróun Evrópusambandsins vó svo þungt að það hefði getað verið aðalþátturinn. En síðan þegar grannt var skoðað þá var það þróun Evrópusambandsins í átt til Sambandsríkis sem þingmönnum þótti ógn við fullveldi Íslands og því er það fullveldi sem er aðalþátturinn en ekki þróun Evrópusambandsins.

Fullveldi ríkja er þungamiðjan þegar samruni ríkja er skoðaður út frá milliríkjahyggju. Ríki gæta fullveldis síns, landsvæðis og hagsmuna á alþjóðavettvangi sjálf. Ríki og hagsmunir þeirra eru helstu gerendur í alþjóðakerfinu og er það algerlega í þeirra höndum hvort af pólitískri samþættingu verður.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins nálgast samrunan við Evrópusambandið út frá milliríkjahyggju. Veigamesti þátturinn í andstöðu þeirra við samrunan var áherslan á fullveldi

Íslands. Tveir veigamiklir undirþættir í fullveldi réðu einnig miklu um afstöðu þeirra, vernd yfirráða í sjávarútvegi og þróun Evrópusambandsins í átt að sambandsríki. Hvort tveggja sáu þingmenn sem ógn við fullveldi Íslands. Mótunarhyggjan skýrir pólitíska andstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem er í vissri þversögn við fylgi Sjálfstæðisflokksins við að taka þátt í Evrópusamrunanum með því að gera EES samninginn, þar voru það efnahagslegir hagsmunir sem réðu för. Meðan efnahagslegir hagsmunir réðu för þá skýrði frjálslynd stofnanahyggja viðhorf þingmanna Sjálfstæðisflokksins. En nú skýrir mótunarhyggja afstöðu þingmannanna sem rætt var við. Þjóðernisvitund og vernd fullveldisins veldur því að flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja ekki ganga lengra og sækja um aðild að ESB. Með öðrum orðum þá meta þingmennirnir hagsmuni Íslands ekki eingöngu út frá efnahagslegum hagsmunum, þó þeir hagsmunir séu áfram mikilvægir, heldur er greinilegt að þeir telja flestir að aðild að ESB skerði fullveldi landsins. Slík skerðing á fullveldi er talin veruleg ógn við þá sjálfsmynd að Ísland sé sjálfstætt, fullvalda ríki.

Það er í anda mótunarhyggju að gera rannsókn eins og mína, verið er að skoða hugmyndir þingmanna Sjálfstæðisflokksins, hvernig þær þróuðust frá því að tillaga var lögð fram um að fara í aðildarviðræður og fram til sumarsins 2012, tímabil sem Evrópusambandið fór í evrukrísu og upp vöknudu margar spurningar um hugmyndafræðilegan grundvöll samstarfsins.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í framvarðarsveit á Íslandi þegar kemur að milliríkjasamskiptum og var í stjórn þegar gengið var í NATO og þegar EES-samningurinn var samþykktur. Þar er því engin einangrunarstefna sem ræður ríkjum en þeir vilja nálgast milliríkjasamstarf út frá milliríkjahyggju. Þegar rætt er um þróun Evrópusambandsins ber sambandsríkjahyggju oft á góma. Sjálfstæðismönnum líkar ekki sú sambandsríkjahyggja sem einkennt hefur þróun Evrópusambandsins frá 2009. Ennfremur finnst þeim völdum vera misskipt innan Evrópusambandsins og Þýskaland og Frakkland ráði þar of miklu. Það sé áberandi lýðræðishalli sem einkenni þróun Evrópusambandsins.

Evrópusambandsaðildin er í þeirra huga of þröngur stakkur ekki glæsileg gullin treyja sem þeir vilja klæðast með stolti.

6. HEIMILDASKRÁ

Aksit, Sait, Senyuva, Özgehan, Gurleyen, Isik (2011). The Turkish Parliamentary Elite and the EU: Mapping Attitudes towards the European Union. South European Society and Politics. Volume 16, Number 3. Routledge.

Alþingistíðindi (1875-). Reykjavík: Alþingi.

Barnes, Ian og Pamela M. Barnes. (1995). The Enlarged European Union. Essex: Longman.

Barnett, Michael. (2004) Social Constructivism. Í The Globalization of the World Politics. Ritsstj. John Baylis og Steve Smith. New York. Oxford University Press.

Biklen, Sari Knopp og Bogdan, Robert C. (1998). Qualitative Research for Education. An Introduction to Theory and Methods. Boston: Allyn & Bacon.

Denzin, Norman K.og Lincon, Yvonna S. (1998). Collecting and Interpreting Qualitative Materials. California United States of America: SAGE Publications, Inc.

Eiríkur Bergmann (2001). Ísland í Evrópu. Greining á samningsmarkmiðum Íslands við hugsanlega aðilarumsókn að ESB. Reykjavík: Háskólafjölritun

Eiríkur Bergmann (2003) Evrópusamruninn og Ísland. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Eiríkur Bergmann. (2009). Frá Evróvision til Evru. Reykjavík: Veröld.

Eiríkur Bergmann (2009) Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar. Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Gamze Tanil (2011). Ideas, Identities and the EU-Attitudes of the Political Elite in Norway. European Journal of Social Sciences. Volume 24, Number 3. Turkey: Department of International Relations, Istanbul Arel University.

Guðmundur Hálfðánarson (2007). „Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið.“ Í: Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.) Ný staða Íslands í utanríkismálum:Tengsl við önnur Evrópulönd (bls.123-133). Fyrirlestrar frá ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands 26. Nóvember 2006. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Hague, Rod og Martin Harrop. (2004) Comparative Government and Politics. (6. Útgáfa). New York: Palgrave MacMillan.

Ingebritsen, Christine (1998). The Nordic states and European Unity. Ithaca: Cornell University Press

Jóhanna Jónsdóttir (2009) Áhrif aðildar að Evrópusambandinu á fullveldi Íslands. Reykjavík. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.5.árg.1.tbl.

Karvel Pálmason (2009) Já! Nei takk! Afstaða Noregs til ESB. Reykjavík. Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/2431>

Lene Hansen og Ole Wæver. (2002). European Intergration and National Identity.The Challenge of the Nordic States. London and New York: Routledge.

Nugent, Neil (2006). The Government and Politics of the European Union. 6. Útgáfa. The European Union Series. New York: Palgrave McMillan.

Nuruzzaman, Mohammed (2008) Liberal Institutionalism and International Cooperation after September 2001.International Studies. Vol. 45.no.3. British Columbia. Okanagan University.

Pinder, John. (1998). The Building of the European Union. New York: Oxford University Press

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. (2012, 22. ágúst) „Króna eða evra.“ Fréttablaðið, 15.

Sitter, Nick. (2001) The Politics of Opposition and European Integration in Scandinavia: Is Euro-Scepticism a Government-Opposition Dynamic? West European Politics, Vol.24. No.4. London. Frank Cass.

Sjursen, Helene (2006). Questioning EU Enlargement. Europe in search of identity. New York: Routledge.

Swartz, Thomas R. og John E. Peck.(1990) The Changing Face of Fiscal Federalism. M.E. New York: Sharpe, Inc.

Tengsl Íslands og Evrópusambandsins (2007). [Skýrsla Evrópunefndar forsætisráðherra.] Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Tómas Ingi Olrich (2011). Ísland og ESB. Reykjavík: Bókafélagið Ugly ehf.

Utanríkisráðuneytið (2000). Staða Íslands í Evrópusamstarfi; skýrsla Halldórs Ásgrímssonar til Alþingis. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.

Uwe Flick. (2009). An Introduction to Qualitative Research. Edition 4. London: SAGE Publications Ltd.

Úlfar Hauksson (2002). Gert út frá Brussel. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Valgerður Bjarnadóttir (2001). „Fullveldismál.“ Í Ísland í Evrópu. Greining á samningsmarkmiðum Íslands við hugsanlega aðildarumsókn að ESB. Ritstj. Eiríkur Bergmann Einarsson. Reykjavík: Háskólafjölritun

7. VIÐAUKAR

7.1. LISTI YFIR ÞÁTTAKENDUR

Viðmælandi 1 – Bjarni Benediktsson

Viðmælandi 2 – Ólöf Nordal

Viðmælandi 3 – Kristján Þór Júlíusson

Viðmælandi 4 – Pétur Blöndal

Viðmælandi 5 – Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Viðmælandi 6 – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Viðmælandi 7 – Illugi Gunnarsson

7.2. TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM AÐILDARUMSÓKN AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

Þskj. 38 — 38. mál.

Tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er lögð fram til þess að íslenska þjóðin fái tækifæri til að hafna eða samþykkja samning um aðild að sambandinu þegar hann liggur fyrir.

Umsókn að ESB jafngildir þannig ekki aðild enda er það íslensku þjóðarinnar að komast að endanlegri niðurstöðu hvað hana varðar. Jafnframt verði lagt fram frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál sem ríkisstjórn eða Alþingi ákveða að leggja fyrir þjóðina.

Víðtækt samráð verður haft við hagsmunaaðila um samningsmarkmið fyrir viðræðurnar á ýmsum sviðum, svo sem sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamála, á sviði almannþjónustu, umhverfis- og jafnréttismála og gjaldmiðilsmála, og leitast við að ná sem breiðastri samstöðu um umræðugrundvöll viðræðnanna. Skoðað verður hvort unnt sé að ná fram samstarfi í gjaldmiðilsmálum samhliða viðræðum um hugsanlega aðild til að styðja við gengi krónunnar. Áhersla er lögð á opið og gagnsætt ferli og reglubundna upplýsingagjöf til almennings og hagsmunaaðila.

Fagleg viðræðunefnd við ESB verður skipuð af ríkisstjórn Íslands. Henni til fulltingis verður breiður samráðshópur fulltrúa hagsmunaaðila sem nefndin leitar ráðgjafar hjá, og upplýsir jafnóðum um framvindu viðræðna. Ísland sem Evrópuþjóð vill leggja sitt af mörkum við uppbyggingu

lýðræðislegrar Evrópu sem grundvallast á félagslegu réttlæti, jafnrétti og virðingu fyrir manngildi og umhverfi. Hlutverk Evrópu er að vera hornsteinn mannréttinda í heiminum og ýta undir stöðugleika, sjálfbæra þróun, réttlæti og velmegun um allan heim.

Málsaðilar áskilja sér rétt til að mæla með eða leggja gegn samningnum þegar hann liggur fyrir enda eru settir margvíslegir fyrirvarar við hugsanlegan stuðning við málið.

Meðal grundvallarhagsmuna Íslands eru:

- * Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra.
- * Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og hlutdeild í deilistofnum og eins viðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi í alþjóðasamningum og hægt er.
- * Að tryggja öflugan íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis og matvælaöryggis.
- * Að tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannþjónustu á félagslegum forsendum.
- * Að standa vörð um réttindi launafólks og vinnurétt.
- * Að ná fram hagstæðu og vaxtarhvetjandi samkeppnis- og starfsumhverfi fyrir atvinnulíf á Íslandi um leið og sérstöðu vegna sérstakra aðstæðna er gætt.

Stefnt er að því að Alþingi setji á fót sérstaka Evrópunefnd Alþingis með fulltrúum allra stjórnmálaflokka er fari með samskipti við viðræðunefnd vegna ESB. (Alþingistíðindi, 2009)

7.3. SPURNINGALISTI

Hver er afstaða þín til Evrópusambandsaðildar?

Hvað finnst þér um sjávarútveg?

Hvað finnst þér um landbúnað?

Hvaða lausnir sérðu í gjaldmiðilsmálum?

Hvaða skoðun hefur þú á þróun Evrópusambandsins?

Ef Sjálfstæðisflokkurinn verður í stjórn á næsta kjörtímabili hver verða þá örlög aðildarviðræðna?